

Ársrit Breiðabliks

Knattspyrnudeild

2012



Viðtöl við leikmenn
Fréttir af öllum flokkum
Myndir úr starfinu





Sókn er
besta vörnin!



Endurskoðun • Reikningsskil • Fjármálaráðgjöf • Skattaráðgjöf • Lögfræðiráðgjöf
Upplýsingaöryggi • Innri endurskoðun • Góðir stjórnarhættir

www.deloitte.is



Ársrit knattspyrnudeildar Breiðabliks 2012

Útgefandi:

Knattspyrnudeild
Breiðabliks

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Andrés Pétursson

Ritnefnd:

Gunnar Þorvarðarson,
Kristín Rut Haraldsdóttir,
Kristján I. Gunnarsson,
Heiðar Heiðarsson,
Davið J. Sigurðsson og
Atli Sigurðarson

Auglýsingar:

Atli Sigurðarson

Ljósmyndir:

Einar Freyr Jónsson,
Stefanía Ásta Gísladóttir,
Andrés Pétursson,
Geir A. Guðsteinsson,
Helgi Viðar Hilmarsson o.fl.

Prófarkalestur:

María Játvarðardóttir

Hönnun og umbrot:

Þorkell J. Sigurðsson

Forsíðumynd:

Einar Freyr Jónsson stórdóm-
ari og ljósmyndari tók þessa
skemmtilegu mynd af þeim
Ingu Þóru Kristjánsdóttur,
Sunnú Kristínu Gísladóttur og
Emilíu S. Erlendsdóttur
á Síamótinu 2012.

<http://www.blikar.is>

<http://www.breidablik.is>

Fólkið bakvið tjöldin



Ritnefndin á góðri stundu; f.v. Andrés Pétursson, Atli Sigurðarson, Davíð J. Sigurðsson, Heiðar Heiðarsson og Kristín Rut Haraldsdóttir. Á myndina vantar Kristján Inga Gunnarsson og Gunnar Þorvarðarson.

Knattspyrnudeild Breiðabliks gefur nú út ársrit sitt á rafrænu formi í þriðja sinn. Ástæðan er sú að nútímatækni gefur svo fjölbreytta möguleika á dreifingu að gamla pappírformið er á margan hátt úrelt. Á sama tíma er líka hægt að varðaveita ýmsar upplýsingar á rafrænu formi og miklu fljótlegri er að koma að breytingum á efni allt fram á síðustu stundu. Ritnefndin hefur haft bæði gagn og gaman af þessu starfi og vonandi þú líka lesandi góður.

Þema blaðsins er að þessu sinni „fólkið bakvið tjöldin“. Undanfarin ár höfum við lagt áherslu á að kynna þá fjölmörgu þátttakendur og keppendur sem spila undir merkjum knattspyrnudeildar Breiðabliks. Við gerum það áfram en til þess að að allt þetta frábæra unga fólk geti spilað í græna búningnum þurfa tugir eða jafnvel hundruð sjálfbóðaliða að vinna óeigingjarnt starf bakvið tjöldin nánast allt árið um kring. Auðvitað er ekki hægt að fjalla um alla þá foreldra, aðstandendur, dómara og aðra þá sem koma að starfinu en okkur langaði að segja aðeins frá nokkrum þeirra.

Hjónin Valgerður Pálsdóttir og Hreinn Bergsveinsson eru gott dæmi um óbreytta stuðningsmenn sem hafa hrifist af

starfinu jafnvel þótt þau eigi ekki sjálf börn sem hafa tekið beinan þátt í starfinu hjá knattspyrnudeildinni. Þau mæta á flesta leiki meistaraflokkanna og töluvert á leiki yngri flokkanna og hafa gaman af. Bjarni Bergsson, formaður meistaraflokksráðs karla, og Borghildur Sigurðardóttir, formaður meistaraflokksráðs kvenna, koma bæði utan af landi en hafa komið af miklum krafti inn í starfið hjá knattspyrnudeildinni. Gylfi Steinn Gunnarsson er hins vegar af miklum Blikættum allt aftur í fornöld og hefur unnið frábært starf með Stórblikanum Pétri Ómari Ágústssyni við gerð heimasíðu stuðningsmannaklúbbs knattspyrnudeildar, blikar.is, að einni öflugustu upplýsingaveitu um knattspyrnufélag á Íslandi og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þess má geta að Pétur Ómar býr í Ameríku en það stöðvar hann ekki því að sinna öflugum starfi á Netinu.

Atvinnumennirnir okkar hafa verið að gera það gott á undanförunum misserum. Æ fleiri Blikar freista nú gæfunnar á erlendri grund og er viðtal við nokkra þeirra í blaðinu. Það fjölgar enn í hópnum. UngBlikinn Adam Örn Arnarson gerði samning við hollenska úrvalsdeildarliðið NEC skömmu fyrir jól og AZ Alkmaar hefur

verið að sýna Alexander Helga Sigurðssyni og Viktori Karli Einarssyni áhuga. Fanndís Friðriksdóttir hefur gert samning við Kolbotn í Noregi og ótrúlegur fjöldi efnilegra drengja og stúlkna eiga örugglega eftir að feta í fórsþor þessara snjöllu leikmanna á komandi árum.

Hið viðamikla starf knattspyrnudeildar Breiðabliks er farið að vekja athygli langt út fyrir landssteinana. Hollensk og belgisk lið eru farin að fylgjast vel með okkur og forseti FIFA, Sepp Blatter, var mjög hrifinn af starfsemi okkar þegar hann kom í heimsókn í Smárann síðasta haust. Tölfræðin hjá okkur Blikum er líka ótrúleg. Fjöldi virkra keppenda er yfir 1.100. Næstu lið á Íslandi eru með um 700 keppendur. Breiðablik sendir yfir 80 lið til keppni á Íslandsmóti og eru keppendur á aldrinum 9 til 59 ára! Félagið okkar skiptir því ekki eingöngu máli í nær-samfélaginu í Kópavogi heldur er það orðið afgerandi aðili í að búa bæði til nýta þjóðfélagsþegna og einnig sterkt knattspyrnufólk sem gerir garðinn frægan á erlendum knattspyrnuvöllum. Við erum stolt af því að vera hluti af þessu Blikasamfélagi!

Ritnefndin

Kæru félagar

Í lok hvers árs er gott að setjast niður og fara yfir liðið ár. Knattspyrnudeild hefur nú á nokkrum árum tekið miklum breytingum fram á veginn. Sú uppbygging á innra starfi sem unnið er innan knattspyrnudeildar af sjálfbodaliðum er farin að skila árangri. Sá árangur er mælanlegur á margan hátt m.a. í fjölda titla, fjölda leikmanna sem hefur gefist kostur á að stunda knattspyrnu á erlendum vettvangi, fjölda iðkenda o.s.frv. Það eru aðrir þættir sem skipta líka máli. Forvarnargildi þess að stunda íþróttir hefur verið staðfest með rannsóknunum og það er líka vitað að ýmis konar neikvæð frávíkshæðun einstaklinga á sér síður stað hjá þeim sem leggja stund á íþróttir.

Á þessum tímamótum er okkur tamt að tala um árangur



*Einar Kristján Jónsson
formaður knattspyrnudeildar
Breiðabliks.*

knattspyrnudeildarinnar út frá þeim fjölda titla sem deildin vinnur á hverju ári. Árangur ársins 2012 var góður í flestum

flokkum. Má þar helst telja upp, 2. flokkur karla varð í 2. sæti í Íslandsmóttinu og 2. flokkur kvenna varð bikarmeistari og í 3. sæti í Íslandsmóttinu. 3. flokkur karla varð Íslandsmeistari og komust í undanúrslit í bikarkeppninni. 3. flokkur kvenna sýndi mikla yfirburði í þeim mótum sem þær tóku þátt í. Þær urðu bæði Íslands- og bikarmeistarar, ReyCup meistarar og Íslandsmeistarar í futsal. Aðrir flokkar sem urðu Íslandsmeistarar voru 4. flokkur kvenna bæði A og B lið, 4. flokkur karla í futsal. 5. flokkur kvenna bæði A og C lið og Síamótsmeistarar að auki. 5. flokkur karla og að auki urðu þeir Íslandsmeistarar í futsal. 6. flokkur kvenna varð síðan Hnátumeistarar KSÍ bæði í A og B liðum.

Ennfremur náði meistara-flokkur kvenna ágætum árangri með sitt unga og

efnilega lið sem gefur góða von um góðan árangur á næstu árum.

Meistaraflokkur karla náði sínum næsta besta árangri frá upphafi, hafnaði liðið í öðru sæti í Pepsi-deild karla og tryggði það að hér í Kópavogi verður leikinn leikur í Evrópukeppninni næsta sumar.

Það öfluga sjálfbodaliðastarf sem á sér stað innan knattspyrnudeildarinnar ber að þakka sérstaklega. Allir sem koma að svona starfi þekkja hvað það getur verið gefandi að taka þátt í því og láta gott af sér leiða. Það fylgja því aukin lífsgæði að hitta félaga sína og vini á vellinum eða á fundum.

Íslandi allt

*Einar Kristján Jónsson
formaður
knattspyrnudeildar
Breiðabliks*

Ávarp bæjarstjóra

Það hefur ávallt verið ánægjulegt að fylgjast með árangri knattspyrnudeildar Breiðabliks, enda er félagið með þeim öflugustu á landinu og þótt víðar væri leitað. Ungir og efnilegir knattspyrnumenn í kvenna- og karlaflokki stíga fram á sjónarsviðið og láta til sín taka. Þetta unga íþróttafólk myndar öfluga liðsheild ásamt þeim sem eru eldri og reyndari. Ungliðastarfinu er vel sinnt. Umgjörð félagsins hefur líka sitt að segja, öflugt starf foreldra og allra þeirra sem halda utan um félagið af miklum metnaði og hugsjón.

Við sem stýrum sveitarfélaginu gerum okkur auð-



Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri

vitað líka grein fyrir okkar hlutverki og mikilvægi þess að hér sé góð aðstaða fyrir íþróttafólk. Fólk sem velur að búa í Kópavogi gerir þær kröfur að íþróttaaðstaða sé til fyrirmyndar. Vel hefur tekist til; hér er fjöldi íþróttahúsa, glæsilegir knattspyrnuvellar og öll aðstaða með því besta sem völ er á. Þannig leggjum við grunn að því góða starfi sem fram fer í Breiðabliki eins og öðrum íþróttafélögum.

Íþróttir og þar með knattspyrna eru stór og mikilvægur þáttur í okkar samfélagi. Íþróttir hvetja börnin okkar og unglíngana til að hreyfa sig, stunda heilbriggt líf og leggja heilbrigðan metnað í

það sem þau taka sér fyrir hendur – sem er eitt það mikilvægasta sem þau taka með sér út í lífið. Þá sýna rannsóknir að áfengis- og vímuefnaneysla meðal unglíngna í Kópavogi hefur stöðugt minnkað undanfarin ár og leikur enginn vafi á að öflugt íþróttastarf á sinn þátt í því.

Kópavogsbær þakkar félögum í Breiðabliki fyrir að leggja sitt af mörkum til þess að í Kópavogi sé blómstrandi mannlíf. Megi félaginu vegna vel á nýju ári.

*Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri*

88% viðskiptavina
mæla með okkur

Hreint verð
og úrvalspjónusta
– hagur fyrirtækis þíns

Yfir
30 ára
reynsla

VIÐ FÁUM BESTU MEÐMÆLIN FRÁ ÁNÆGÐUM VIÐSKIPTAVINUM

Klæðskerasaumum tilboð sem kemur fyrirtæki þínu vel

Fáðu verðtilboð: 554 6088

hreint@hreint.is • www.hreint.is



Regluleg ræsting, hreingerningar, bónun og bónleysing gólfa, gluggaþvottur, gluggatjaldahreinsun, þvottapjónusta, teppahreinsun, innkaup hreinlætisvara, þrif á húsgögnum og innréttingum, eldhúsumsjón, hádegisverðarþjónusta, húspvottur að utan, húsvarsla, eignaumsjón/fasteignaumsjón, hreingerning eftir tjón eða vinnu iðnaðarmanna, lokaræsting nýbygginga/endurbygginga.

 **Hreint**
RÆSTING
– gerum betur í verði og verki

Akureyri, Akranesi, Hveragerði, Selfossi og Stór-Rvk.

Horft fram á veginn

Árið 2012 var okkur Blikum hagstætt í knattspyrnunni. Líkt og áður skiluðu iðkendur stærstu knattspyrnudeildar landsins miklum fjölda titla í hús ásamt því að vera félaginu til sóma með framgöngu sinni og framkomu utan vallar sem innan.

Skipulag þjálfunar er með miklum ágætum í deildinni, allt frá meistaraflokkum niður til byrjenda í áttunda flokki. Það góða starf sem unnið er í knattspyrnunni hjá Breiðabliki hvílir á herðum fyrsta flokks þjálfara og annars starfsfólks. Þá er ótalið hið mikla sjálfboda-liðastarf foreldra og annarra velgjörðarmanna félagsins. Án þess stuðnings sem þar er veittur væri máttur starfsins vart svipur hjá sjón. Öllum þeim sem að starfinu koma er þakkað sitt framlag hér.

Fjárhagsstaða knattspyrnu-deildar hefur rétt sig af eftir áföll efnahagshrunsins haustið 2008. Þar munar mestu um sölu leikmanna til erlendra liða



Orri Hlöðversson.

undanfarin ár. Þar nýtur félagið ávaxta síns frábæra uppeldisstarfs. Samhliða hefur þess verið gætt að hafa gott taumhald á helstu kostnaðarþáttum rekstrarins. Það er samt áhyggjuefni að núverandi rekstur deildarinnar telst vart sjálfbær ef ekki kæmi til sala leikmanna til útlanda með reglubundnu millibili. Ekki er gott að þurfa að stóla á óregluglegar tekjur í rekstri, hverju

nafni sem hann nefnist. Mikilvægast er því að forráðamenn deildarinnar missi aldrei sjónar af mikilvægi þess að vanda sig í rekstri og taka ekki óþarfa áhættu. Það hefur sýnt sig margsinnis í gegnum tíðina að skjótt skipast veður í lofti í fjármálum íþróttafélaga.

En þótt starfið sé í blóma þarf ávallt að horfa fram í tímann og taka stefnumarkandi ákvarðanir. Síðastliðið haust urðu ákveðin þáttaskil í skipulagningu starfs knattspyrnudeildar þegar hún hætti að bjóða upp á æfingar fyrir yngri flokka Breiðabliks í knattúsinu í Kórnum. Þess í stað færðust æfingar alfarið í Fífuna og gervigras við Fagralund. Þessi fækkun æfingastaða eykur hagræði í skipulagningu starfs fyrir þjálfara, iðkendur og fjölskyldur þeirra til lengri tíma lítið. Boðið hefur verið upp á rútufærðir úr efri byggðum Kópavogs á æfingar í Smára og Fagralund og hefur sú þjónusta mælst vel fyrir.

Eftir breytinguna hefur Breiðablik nú eitt féлага aðgang að Smáranum og Fífuni og getur skipulagt starf sitt út frá því. Um nokkur skeið hafa staðið yfir viðræður við Kópavogsbæ um að Breiðablik yfirtaki rekstur stúkumannvirkis við Kópavogsvöll sem bæta mun mjög aðstöðu til fundahalda og félagsstarfs. Vonir standa til að viðræðunum ljúki fljótlega þótt þær hafi dregist nokkuð á langinn.

Þar með eru línur dregnar í átt til þeirrar stefnu Kópavogsbæjar sem kynnt hefur verið knattspyrnufélögunum í bænum og miða við að upptöku-svæði hvers félags sé 2 kílómetra radíus umhverfis Kórinn annars vegar og Fífuna hins vegar. Gangi hugmyndir bæjarins eftir munu framtíðar-iðkendur Breiðabliks fyrst og fremst koma úr öllum hverfum Kópavogs austan Reykjanesbrautar að viðbættu Lindahverfinu. Þessa framtíðarsýn Kópavogsbæjar hefur Breiðablik lýst sig reiðubúið að undirgangast og stefna á.


Orri Hlöðversson, formaður aðalstjórnar Breiðabliks

VANDAÐAR VEF SÍÐUR

Sérnsiðnar og metnaðarfullar vefsíður með öflugum vefumsjónarkerfi. Hafið samband og kannið möguleikana.



Gríðarlega flottur vefur blikar.is !



Gylfi Steinn Gunnarsson er einn af mönnum á bakvið tjöldin en hann hefur unnið gríðarlega mikið starf í kringum Breiðabliksvefinn blikar.is. Sögu vefsins má rekja aftur til ársins 1997 á breiðablik.is en árið 2006 var blikar.is opnuð með áherslu á meistaraflokk karla. Við spurðum Gylfa út í nýjungar sem við Blikar höfum tekið eftir á vefnum.

„Nýjasta uppfærslan á blikar.is sem sett var í loftið árið 2012 fól í sér nýja útlitshönnun og svo voru kláraðir þeir möguleikar sem höfðu verið lengi á teikniborðinu en ekki gefist tími til að ganga frá. Við höfum síðan bætt við umfangi um meistaraflokk

kvenna og er verið að vinna í því að opna á möguleika fyrir nánari upplýsingaöflun um stelpurnar“ segir Gylfi Steinn.

Hvaða möguleikar voru það?

Það tengist mest sögu-skráningunni. Við höfum í mörg ár safnað saman myndum og tölfraði leikmanna en nú bættum við myndböndum úr leikjum og blaðaúrklippum við. Einnig höfumst við handa við að skrá inn öll úrslit frá upphafi. Svo tengjast öll þessi gögn saman á skemmtilegan hátt. Til dæmis þegar leikmaður er skoðaður þá birtast allar myndir, myndbönd og blaðaúrklippur sem honum tengjast. Eins þegar lesandi er

að skoða úrslit frá ákveðnu tímabili þá er hægt að smella á leik til að sjá allt efni sem er til úr honum. Leikmannasíðan var einnig endurbætt og geta lesendur nú kallað fram lista og endurraðað eftir leikjafjölda, mörkum og mótum. Að lokum var svo settur upp hluti á vefnum sem kallast sagan og er hugsaður sem annáll fyrir hvert ár - þar verða allar þessar upplýsingar bundnar saman inn í texta um árið. “

Þetta er væntanlega mikil vinna í kringum síðuna?

„Já það verður að viðurkennast að þetta hefur verið mikil vinna gegnum árin, bæði forritunin og svo að setja

inn efni, en með aðstoð góðra manna þá mjakast þetta áfram. Áhuginn á sögu félagsins drífur menn áfram og vefurinn gæti orðið ansi skemmtileg heimild þegar efni er komið inn frá öllum árum. “

Það er mikil nákvæmni í þessu, eru fordæmi fyrir svona flottri uppsetningu hjá öðrum klúbbum?

„Það eru margir að gera þetta vel en ég vil meina að við séum að gera hluti þarna sem hafa ekki sést áður. Sérstaklega með því að hafa myndbönd og blaðaúrklippur með og svo er lykilatriðið auðvitað tengingin á milli gagnanna. Það að geta flett upp leikmanni eða leik og fengið yfir sig hafsþjó af fróðleik úr sögu félagsins er stórskemmtilegt.“

Þetta er flókið en á sama tíma einfalt fyrir okkur lesendur, hverju ber að þakka?

„Það er auðvitað öflugt vefumsjónarkerfi Zebra sem keyrir vefinn og þessir möguleikar sem við töluðum um áðan hafa verið sérforritaðir inn í kerfið,“ segir Gylfi Steinn Gunnarsson hlæjandi en þess má geta að hann rekur fyrirtæki undir Zebra nafninu en það sér um vefhönnun og forritun ásamt almennri prenthönnun líka.

Við þökkum Gylfa fyrir gott spjall og hlökkum til að fylgjast áfram með flotta vefnum okkar www.blikar.is

K/G



JAKO



JAKO ehf. - Smiðjuvegi 74 - 200 Kópavogi
sími: 566 7310 - namo@namo.is - www.jakosport.is

Frítt á kvennaleiki þökk sé Deloitte

Deloitte gerði árið 2011 þriggja ára samstarfs-samning við Knattspyrnudeild Breiðabliks. Þar með er Deloitte komið í hóp stærstu styrktaraðila knattspyrnudeildarinnar og verður frítt á heimaleiki Breiðabliks í Pepsi-deild kvenna í boði Deloitte næstu þrjú árin. Markmið samningsins er að styrkja Breiðablik og um leið styðja félagið í íþrótt- og uppeldislegu hlutverki sínu í Kópavogi. Deloitte hf. styrkir íþróttahreyfinguna og íþróttafélög um land allt með margvíslegum hætti og leggur með þessum samningi aukna áherslu á að styrkja íþróttastarf í Kópavogi og einkum knattspyrnu kvenna.

Deloitte er stærsta fyrirtæki heims á sviði endurskoðunar og ráðgjafar. Um 170.000 manns starfa hjá fyrirtækinu í yfir 150 löndum um allan heim. Það er leiðandi á sínu sviði og þjónar stærstu fyrirtækjum heims, auk þess að þjóna stórum og smáum atvinnurekstri í þeim löndum sem það er með starfsemi í.



Á Íslandi eru starfsmenn Deloitte hf. um 230 og eru aðalskrifstofur félagsins í Turninum við Smáratorg í Kópavogi. Deloitte hf. er einnig með skrifstofur og útibú á eftirfarandi stöðum: Akureyri, Egilsstöðum, Neskaupsstað, Grundarfirði,

Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Snæfellsbæ og Vestmannaeyjum, auk þess er Deloitte hf. í samstarfi við Fjárstoð ehf. og Endurskoðun Vestfjarða ehf. á Ísafirði og Bolungarvík.

Breiðablik þakkar Deloitte fyrir gott framlag og fagnar því

að frítt verður á heimaleiki félagsins í Pepsi-deild kvenna næstu þrjú árin.

Á myndinni má sjá Þorvarð Gunnarsson forstjóra Deloitte (til vinstri) og Einar Kristján Jónsson formann knattspyrnudeildar handsala samninginn.

Knattspyrnuskóli Breiðabliks

Knattspyrnuskóli Breiðabliks var starfræktur í 6 vikur í sumar. Þátttakan var líkt og undanfarin sumur mest á fyrstu vikunum, áður en fjölskyldur barnanna dreifast um landið og útlönd í sumarfrí. Á fjölmennasta námskeiðinum voru um 80 börn en um 40 mættu í fámennustu vikunni. Lang stærstur hluti þátttakenda eru drengir sem æfa hjá okkur í 6. eða 7. flokki. Algengt var að þeir mættu á æfingu um morguninn, fengu síðan hádegismat í Smáranum og voru síðan í knattspyrnuskólanum frá 13.00-16.00. Skólustjórar þetta sumarið voru Guðjón Gunnarsson og Elfar Árni Aðalsteinsson. Guðjón útskrifaðist sem íþróttatræðingur í vor en Elfar mun útskrifast úr sömu grein vorið 2013.



Hafðu bankann í vasanum

Á L.is kemstu alltaf í bankann. Allar helstu aðgerðir í netbanka – millifærslur, yfirlit bankareikninga, greiðsla reikninga og margt fleira – eru aðgengilegar á L.is auk upplýsinga um markaði, gjaldmiðla og stöðu Aukakróna.

Betri netbanki á L.is


Í netbanka L.is getur þú stundað öll almenn bankaviðskipti með farsímanum, hratt og örugglega.

Hagnýtar upplýsingar

Þú finnur allar helstu upplýsingar fljótt og vel. Staðsetning útibúa og hraðbanka, fréttir, stöðu gjafakorta, gengi gjaldmiðla o.fl.

Aukakrónur

Þú hefur gott yfirlit yfir Aukakrónurnar þínar, síðustu færslur, afslætti og staðsetningu samstarfsfyrirtækja Aukakróna.



Fyrir flesta nettengda síma

L.is nýtir nýjustu tækni í farsímalausnum og einskorðast ekki við snjallsíma, heldur virkar á nánast öllum nettengdum símum.

Enginn auðkennislykill

Nýtt öryggiskerfi Landsbankans tryggir hámarks öryggi í netbanka einstaklinga og þar sem auðkennislykillinn er orðinn óþarfur er nú orðið mun þægilegra að fara í netbankann í símanum.



Skannaðu QR kóðann
til þess að fara á L.is

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



Við ætlum að njóta þess að spila í efstu deild

segir Blikinn Arnór Sveinn Aðalsteinsson



Arnór Sveinn Aðalsteinsson er einn margra íslenskra landsliðsmanna sem spila í efstu deildinni í Noregi. Hann hélt í viking sumarið 2011 þegar Blikaliðið samþykkti að lána hann til 1. deildar liðsins Hönefoss. Arnór vann sér strax sæti í liðinu og þegar upp var staðið í haust hafði liðið unnið sér sæti í efstu deildinni að nýju. Norðmennirnir voru það ánægðir með Kópavogsbúann snjalla að þeir keyptu hann af Blikaliðinu og gerði Arnór tveggja ára samning við Hönefoss.

Bærinn Hönefoss er um 50 km fjarlægð frá höfuðborginni Osló. Í bænum og nágrenni búa um 40 þúsund manns. Knattspyrnuliðið var stofnað árið 1895 en tókst ekki að tryggja sér sæti í efstu deild fyrr en árið 2009. Ekki tókst þeim að halda sæti sínu í það skiptið og fóru þeir beint niður í 1. deild. Að liðinu standa ágætlega fjársterkir aðilar og

keyptu þeir að sterka menn meðal annars Íslendinginn Kristján Örn Sigurðsson frá Brann. Þegar Arnór bættist við þá var ekki að sökum að spyrja og sætið á meðal hinna bestu var gulltryggt síðasta haust.

Heimavöllur liðsins, AKA Arena, tekur um fimm þúsund manns í sæti. Þegar liðið var síðast í efstu deild komu að meðaltali um 2.500 manns á hvern heimaleik. Þegar stóru liðin, Rosenborg, Brann, Lillestrøm og nágrannarnir frá Stabæk, komu var hins vegar yfirleitt uppselt á leikina.

Arnór segist mjög ánægður hjá liðinu; „Þjálfararnir tveir, Leif Gunnar Smerud og Pal Arne Johansen, eru ungir og metnaðargjarnir. Þeir þjálfuðu áður kvennalandslið Noregs en þetta er frumraun þeirra með karlalið í efstu deild,“ segir Blikinn. „Ég er mjög ánægður hvernig þeir leggja upp æfingarnar. Það er góð keyrsla

en samt er passað að hvíla vel á milli.“

Kláraði viðskiptafræðina í febrúar

Eins og hjá flestum liðunum í efstu deildinni er fríður hópur erlendra leikmanna í hópnum hjá Hönefoss. Markvörðurinn er bandarískur og svo eru leikmenn frá Fílabeinsströndinni, Senegal, Costa Rica, Finnlandi og svo auðvitað Íslendingarnir tveir. En Arnór segir að erlendu leikmennirnir séu ekki endilega lykilmenn. „Við erum með 22 leikmenn í hópnum og samkeppnin um stöðurnar ellefu er mjög mikil. Þó má segja að Kristján Örn og hinn hafsentinn Norðmaðurinn sé einna mikilvægustu leikmenn liðsins. Báðir eru komnir vel yfir þritugt og Frode Lafton fyrirlíði hefur verið hjá Hönefoss alla sína knattspyrnuævi. Báðir ótrúlega sterkir leikmenn sem gott er að hafa með sér í liðinu.“

Arnór er á ákveðnum tímamótum í lífi sínu. Hann er nú 26 ára gamall og í febrúar síðastliðnum lauk hann B.S. prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. „Möguleikinn að koma hingað til Noregs á góðum tíma,“ segir Arnór. „Það er frábært að fá tækifæri að spila knattspyrnu án þess að þurfa að sinna neinu öðru á sama tíma. Að vísu þurfti ég að klára þrjá kúrsa í skólanum en ég fékk að taka þá utanskóla. Ég tók síðan prófin fyrir júl og útskrifaðist núna í febrúar.“ Arnór segist ekki vera búinn að ákveða hvort hann fer í frekara nám. „Það á bara eftir að koma í ljós,“ segir hann.

Dagurinn byrjar kl.10.30 hjá Arnóri með æfingu. Yfirleitt stendur sú æfing yfir til hádegis. Liðið borðar síðan saman hádegismat kl.13.00 og svo er Íslendingurinn kominn heim til sín um 15.00. Hönefoss er nokkuð uppi í landi og því verður yfirleitt kalt í bænum í janúar og febrúar. Í ár var kuldinn yfirleitt í kringum -20. Það var því vel þegið að liðið var í Tyrklandi í 2 vikur og svo á Spáni í 2 vikur til að undirbúa tímabilið.

Undirbúningur fyrir keppnis-tímabilið hefur gengið nokkuð vel. Liðið spilaði við mörg sterk lið og náði ágætis úrslitum. Í síðasta undirbúningsleiknum, gegn Sandefjord sem útsendari blikar.is fylgdist með, yfirspiluðu Arnór og félagar hans þessa fyrrum andstæðinga úr 1. deildinni 5:1. Þess má geta að Hönefoss tapaði báðum leikjunum gegn Sandefjord í fyrra.

Samt er ljóst að tímabilið verður erfitt fyrir nýliðana. Flestir spá liðinu niður aftur en Arnór hefur litlar áhyggjur af þeim spádómum; „Við ætlum að njóta þess að spila í efstu deildinni. Það er engin pressa á okkur og heimavöllurinn á eftir að reynast okkur vel. Vonandi munu andstæðingar okkar vanmeta Hönefossliðið. Ég er reyndar þess fullviss að við höldum sæti okkar í deildinni,“ segir Blikinn Arnór Sveinn Aðalsteinsson.

Fanndís Friðriksdóttir



Nú í byrjun desember samdi fyrirliði meistara-flokks kvenna Fanndís Friðriksdóttir við norska úrvaldeildarliðið Kolbotn. Fanndís heldur út í byrjun árs og á vafalítið eftir að standa sig vel hjá liði Kolbotn. Fanndís hóf að spila fótbolta með Breiðablik árið 2004 eftir að fjölskylda hennar flutti frá Vestmanna-eyjum. Fanndís var ekki lengi að sanna sig og spilaði sinn fyrsta meistaraaflokks leik árið 2005.

Samtals hefur Fanndís spilað 120 mótis leiki fyrir meistara-flokk kvenna hjá Breiðablik og skorað í þeim 53 mörk. Fanndís hefur líka spilað fyrir yngri landsliði Íslands 32 leiki og skorað í þeim 12 mörk. Fanndís hefur undanfarin ár átt sæti í A landsliði Íslands þar sem hún hefur spilað 33 leiki og skorað í þeim 2 mörk.

Við spurðum Fanndísi hvort hún hefði einhver skilaboð til Breiðabliks áður en hún heldur til Noregs.

„Ég vill koma fram miklum þökkum til knattspyrnudeildarinnar og stuðningsmanna sem hafa gert tíma minn hjá Breiðablik alveg ógleymanlegan. Sérstaklega langar mig að þakka stelpunum sem ég hef spilað með í gegnum árin.

Breiðablik er frábært félag og þið munuð sjá mig aftur í Breiðabliks treyjunni einhvern tíma í framtíðinni“

Knattspyrnudeild Breiðabliks óskar Fanndísi alls hins besta og hlökkum við til að fylgjast með henni í Noregi.

**25%
AFSLÁTTUR***



Viðskiptavinir Frumherja fá sjálfkrafa **25% afslátt***

**TRYGGUR
BÍLAHJÁL**

SPRUNGIÐ, BENSÍNLAUS EÐA BARA STOPP?



Tryggur – Bílahjál

er þjónusta sem aðstoðar þig ef þú lendir í bílavandræðum, hvar sem er á vegum landsins.



Ráðgjöf og aðstoð í síma 800 9000



Aðstoðum þig hvar á landinu sem er



Opíð allan sólarhringinn



800 9000 | sjá nánar á www.bilahjalp.is

*Afsláttur er háður skilyrðum og gildir ekki með öðrum afsláttum

Renee kemur aftur!

Breiðablik er búið að bsemja við hollenska miðvörðinn Renee Troost um að spila með liðinu í sumar. Troost, sem er 24 ára, var á mála hjá AGOVV Apeldoorn, sem leikur í næstefstu deild í Hollandi, áður en hann kom til okkar í fyrra. Hann hefur einnig leikið með FC Omniworld í sömu deild en hann ólst upp hjá því félagi.

Renee spilaði vel í vörninni hjá Blikaliðinu og var vaxandi allt tímabilið. Þess má geta að aðeins FH og ÍBV fengu



færri mörk á sig í deildinni í fyrra. Renee kemur mun fyrr til landsins í ár og mun því hafa meiri tíma til að aðlagast liðinu en í fyrra.

„Myndi bara eyða tímanum í Play-station eða einhverja svoleiðis vitleysu“

segir Blikinn Steinþór Freyr Þorsteinsson hjá Sandnes Ulf í Noregi.

Knattspyrnumaðurinn snjalli úr Kópavogi, Steinþór Freyr Þorsteinsson, spilar nú með norska úrvalsdeildarliðinu Sandnes Ulf. Liðið er nýliði í efstu deildinni og eins og við mátti búast hefur byrjunin verið nokkuð erfið.

Knattspyrnumaðurinn snjalli úr Kópavogi, Steinþór Freyr Þorsteinsson, spilar nú með norska úrvalsdeildarliðinu Sandnes Ulf. Liðið er nýliði í efstu deildinni og eins og við mátti búast hefur byrjunin verið nokkuð erfið. Þegar þessar línur eru ritaðar er liðið í næst neðsta sætinu í deildinni eftir tvö jafntefli og tvö töl. En Blikinn er ekki svartsýnn á framhaldið; „Við höfum verið að spila ágætlega en úrslitin hafa ekki alveg dottið með okkur. Þetta hlýtur að fara að



koma,“ segir Steinþór hress að vanda.

Sandnes Ulf var stofnað árið 1911 en þetta er samt í fyrsta skipti sem liðið spilar í efstu deild í Noregi. Blómatími félagsins var í kringum 1940 og svo í byrjun sjötta áratugarins. Þá voru Úlfarnir nálægt því að komast upp í efstu deild. Síðan hófst erfið tímabil í sögu klúbbsins og spilaði liðið oftast í 3. deild. Árangur félagsins árið 2011 var ævintýrlegur.

Liðið var í fallhættu framan af tímabilinu, tók sig síðan á og vann 12 af síðustu 13 leikjum í deildinni. Í síðasta leik tímabilsins lögðu þeir Löv-Ham 6:0 og tryggðu sér sæti meðal þeirra bestu.

Sandnes er bær rétt hjá Stavanger. Þar búa rétt rúmlega 70 þúsund manns og er helsti atvinnuvegur í bænum ýmis konar iðnaður. Bærinn er sá sem vex einn örst af öllum þéttbýliskjörnum í Noregi og má að hluta til þakka það olíuðnaðinum. Bærinn er með nokkuð öflugt íþróttalíf þótt knattspyrnan sé sterkust.

Steinþór samdi við liðið í mars 2011 eftir að gamla liðið hans, Örgryte í Svíþjóð, lenti í verulegum fjárhagsvandræðum. Þess má geta að markahæsti leikmaður Íslandsmótsins árið 2010, Gilles Ondo, kom líka til liðs við Ulf Sandnes á síðasta ári eftir að Stabæk þurfti að skera niður í leikmannahópi sínum. Að sögn Blikans snaggaralega liður honum vel hjá félaginu. „Liðið spilar hálfgerðan Stjörnubolt. Mikið tempó og hraði og fæ ég nokkuð mikið sjálfðæmi á vellinum. Við pressum yfirleitt framarlega en erum fljótir að falla í vörn. Síðan reynum við að beita skyndisóknum. Þetta gekk

vel í 1. deildinni í fyrra en hefur ekki alveg gengið upp í ár.“

Steinþór býr ásamt konu sinni Sunnu Friðþjófsdóttur grunnskólakennara og syni þeirra Emil Atla, þriggja ára, á ágætum stað í bænum. Æfingar eru á morgnana og er þjálfarinn af gamla skólanum; „við hlupum mikið og liðið er í góðu formi. Það hentar mér ágætlega enda kann ég vel við mikla keyrslu,“.

Steinþór lauk B.S. prófi í verkfræði áður en hann hélt í atvinnumennsku og var meira segja byrjaður á M.S. námi. Það er nú í biðstöðu enda erfið að halda slíku áfram með fullri atvinnumennsku.

En þeir sem þekkja knattspyrnumanninn knáa vita að hann er mjög virkur einstaklingur. Það kemur því ekki á óvart að Steinþór vinnur samhliða knattspyrnuíðkun sinni sem verkefnastjóri hjá meðalstóru iðnaðarfyriðingi sem þjónustar olíuðnaðinn. „Ég vildi reyna að fá vinnu þar sem verkfræðimenntun mín nýttist. Ég talaði því við umboðsmann minn um möguleika á því að fá að vinna með knattspyrnunni. Hann hélt að ég væri galinn þegar ég bar þetta upp enda eru ekki margir atvinnumenn sem biðja um slíkt,“ sagði Steinþór kíminn á svip.

En forráðamenn Ulf Sandnes tóku vel í þessar hugmyndir og redduðu Kópavogsbúanum áhugaverðri vinnu. Hann er með sveigjanlegan vinnutíma og er að skila í kringum 60-70% vinnu á viku. „Ég myndi bara vera að eyða tímanum í Play-station eða einhverja slíka vitleysu. Alveg eins gott að fá góða vinnureynslu á ferilskrána mína,“ sagði Steinþór Freyr Þorsteinsson hlæjandi samtali við Blikar.is

Andrés Pétursson

Elfar til Randers

Blikinn Elfar Helgason hefur gert samning við danska úrvalsdeildarliðið Randers. Elfar, sem er 23 ára gamall, hefur verið án samnings síðan hann yfirgaf norska liðið Stabæk í haust. Elfar verður þá að öllum líkindum fyrsti Blikinn sem spilar í efstu deild í Danmörku. Að vísu hefur Oliver Sigurjónsson verið í herbúðum AGF í þó nokkurn tíma en spilar eingöngu með unglingaliði félagsins. En nú eftir áramótin var tilkynnt að Oliver yrði í meistarflokkshópnum hjá AGF þannig að það styttest í að hann spili með þeim bestu þar í landi.



Þar með eiga Blikar fulltrúa í efstu deild í eftirtöldum löndum; Danmörku, Englandi, Noregi og Hollandi. Geri aðrir betur og ef að líkum lætur munu enn fleiri Blikar slást í þennan flotta hóp á komandi árum.

Frábært starfsfólk í Smáranum/Fífunni

Hluti af hinum frábæra Árangri Breiðabliks og hinum góða anda sem ríkir í Smáranum/Fífunni má rekja til hins góða hóps starfsfólks sem þar starfar. Kristjáni Jónatanssyni, framkvæmdastjóra aðalstjórnar Breiðabliks, hefur í gegnum árin tekist að halda góðum kjarna starfsfólks sem hefur náð finum tengslum inn í félagið. Þetta skiptir miklu máli því það er mikilvægt að bæði iðkendur og foreldrar sé vel tekið þegar það mætir í félagsaðstöðu Breiðabliks.

Án undantekninga er krökkum vel tekið í Smáranum/Fífunni þótt starfsfólk þurfi stundum aðeins að byrsta sig þegar galsinn verður of mikill. En vitað er að margir foreldrar geta gengið að börnunum sínum í góðum höndum eftir skóla við holla og góða tómstundaiðju. Þegar er búið að koma upp taflborðum og borðtennisborði í tengi-byggingunni. Vitað er að bæði



knattspyrnudeild og aðalstjórn hafa fullan hug á því að efla þennan anda enn frekar nú þegar hyllir undir að við fáum

full yfirráð yfir báðum mannvirkjunum. Knattspyrnudeildin vill þakka Kristjáni, Ástu B. Einari, og öllu starfsfólkinu fyrir

frábært starf á undanförunum árum og vonar að það góða samstarf haldi áfram í náninni framtíð.

Fyrirmyndarklúbbur í Evrópu

Undanfarin ár hafa ýmis erlend fyrirmenni úr knattspyrnuheiminum sótt Breiðablik heim og ber þar hæst komu forseta UEFA Michel Platini og Sepp Blatter forseta FIFA.

Platini mætti í Fífuna í lakkskóm og jakkafötum og baðst því undan þegar þjálfarar buðu honum vesti og að taka þátt með græna liðinu á æfingu. Ungir iðkendur hópuðust um goðsögnina

þegar þeim var sagt að þar væri á ferð gamla hetja pabba og mömmu og sýndi Frakkinn mikla lipurð með pennann og gaf fjölda eiginhanda áritana.

Stelpurnar í 8. flokki kvenna voru svo heldur betur hissa þegar Sepp Blatter mætti á ávaxtaæfingu hjá þeim í haust. Blatter var í opinberri heimsókn á vegum FIFA til að kynna sér uppbyggingastarf í íslenskri knattspyrnu. Í viðtali við heimasíðu FIFA sagði hann, „Ég sá æfingar í gær, þar sem ungir krakkar - allt niður í 4-5 ára aldur - voru að æfa. Þetta voru góðar æfingar. Ég hef

aldrei séð jafn frábært og skilvirkt knattspyrnustarf í jafn fámennu landi og Íslandi. Ég fékk svo að sjá það berum augum hversu góðir þjálfararnir eru. Allir þjálfarar eru vel menntaðir. Ef þetta heldur áfram á þessari braut, með þennan metnað að leiðaraljósi, er enginn vafi í mínum huga að það mun bera árangur í framtíðinni.“

Rétt fyrir jól kom svo Emily Shaw frá UEFA í heimsókn en hún sér um mál er varða útbreiðslu kvennaknattspyrnu í Evrópu. Shaw kom í kjölfar útgáfu skýrslu um stöðu

kvennaknattspyrnu í Evrópu en Breiðablik var með mestu aðsókn á heimaleiki í Pepsi-deild kvenna síðasta sumar. Eftir að hafa orðið vitni að æfingum og hlýtt á kynningu á uppbyggingu kvennaknattspyrnunnar í Breiðabliki lýsti hún því yfir að félagið væri til fyrirmyndar í Evrópu allri hvað varðar að leggja áherslu á jöfn tækifæri kynjanna. Shaw hefur síðan verið í sambandi við forráðamenn Breiðabliks og beðið um góð ráð til að miðla til félaga í Evrópu.

„Draumalíf fyrir knattspyrnumann“

segir Blikinn Guðmundur Kristjánsson

Landsliðsmaðurinn Guðmundur Kristjánsson hefur heldur betur slegið í gegn með Start í norsku 1. deildinni. Hann kom til liðsins á lánssamningi frá Blikunum í mars í fyrra og var fljótur að vinna sér fast sæti í liðinu. Guðmundur hefur sýnt á sér nýjar hliðar í norska boltanum og hefur spilað flestar stöður á vellinum í Startliðinu. Hann byrjaði sem hægri bakvörður, fór síðan í miðvörðinn, spilaði síðan nokkra leiki sem vængmaður en fór í síðasta leik í vinstri bakvörðinn. Þegar tímabilinu lauk hafði Start tryggt sér sæti að nýju í norsku Úrvalsdeildinni. Start gekk síðan frá kaupum á Guðmundi frá Blikunum skömmu fyrir jól og mun hann því meðal annars spila á móti fyrrum félögum sínum þeim Arnóri Aðalsteinssyni hjá Hönefoss og Steinþóri Frey Þorsteinssyni hjá Ulf Sandnes á næsta keppnistímabili.



Það var gott hljóðið í Guðmundi þegar fréttaritari blikar.is heyrði í honum síðasta sumar „Já, þetta hefur gengið vel hér í Noregi. Að vísu hefur þjálfarinn verið að láta mig spila ýmsar stöður vegna meiðsla annarra leikmanna en það hefur bara gengið vel. Auðvitað myndi ég helst vilja spila mína stöðu á miðjunni en á meðan ég get komið að gagni í öðrum stöðum þá geri ég það að sjálfsgöðu,“ sagði þessi sterki Kópavogsbúi.

Guðmundur sem er 23 ára gamall spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik með Blikunum í efstu deild árið 2007. Hann vann sér einnig fast sæti í yngri landsliðum Íslands og spilaði svo sinn fyrsta A-landsleik árið 2009. Nú hefur Guðmundur spilað 5 A-landsleiki og stefnir á að fjölga þeim.

Start frá Kristiansand á suðurströnd Noregs er eitt af þekktari liðum landsins. Í borginni búa um 85 þúsund manns og er mikill knattspyrnuáhugi þar. Þrátt fyrir

að Start leiki nú í næst-efstu deild þar í landi á liðið glæsta sögu í norskri knattspyrnu. Liðið var Noregsmeistari árin 1978 og 1980 og lenti í 2. sæti árið 2005. Start hefur oft tekið þátt í Evrópukeppninni í knattspyrnu, síðast árið 2007 þegar þeir féllu úr keppni gegn Ajax frá Hollandi. Undanfarin ár hefur liðið átt við fjárhagsörðugleika að stríða og féll liðið úr efstu deildinni í fyrra. Það er mikill metnaður í forráðamönnum félagsins og ætla þeir sér með liðið beint upp aftur. Þegar þessar línur eru ritaðar er liðið einmitt í efsta sæti í 1. deildinni.

Vissi ekki mikið um Kristiansand

Guðmundur segist nú ekki hafa vitað mikið um Kristiansand þegar forráðamenn liðsins höfðu samband við Blikana fyrr á þessu ári og vildu fá Guðmund í prufu. „Ég gúglaði auðvitað borgina og liðið og leist vel á það sem þar kom fram. Sú saga hefur verið í gangi að forráðamenn Start

hafi séð myndband með mér á YouTube og þannig frétt af mér. Það er nú reyndar ekki alveg rétt. Matthías Vilhjálmsson FH-ingur var kominn hingað á undan mér og forráðamenn Start spurðu hann hvort hann gæti mælt með einhverjum fjölhæfum leikmanni frá Íslandi. Hann benti þeim á mig og einhverjir frá klúbbum höfðu séð mig spila með Blikunum gegn Rosenborg. Það var því ákveðið að fá mig til prufu og ég náði sem betur fer að sýna nógu mikið. Start náði síðan samkomulagi við Blikana og ég var kominn út nokkrum dögum síðar.“

Guðmundur segir að mjög vel hafi verið tekið á móti sér í Kristiansand. „Klúbburinn var mér innan handar að finna íbúð og að koma mér fyrir á annan hátt. Ég bý í miðbænum og kann mjög vel við mig hérna. Ég var að hugsa um að kaupa mér bíl en áttaði mig svo á því að ég hafði ekkert við hann að gera því hér er allt í göngu-fjarlægð. Ég keypti mér því hjól og kemst allra minna ferða

þannig,“ segir leikmaðurinn brosandí. Leikvangur Start tekur um 15 þúsund manns og er nýlega búið að leggja nýjustu kynslóð gervigrass á völlinn. Guðmundur segist nú frekar vilja spila á venjulegu grasi en þetta sé þróunin í Noregi. „Það er reyndar gríðarlega mikill munur á völlum. Nýjustu gervi-grasvellirnir eru mjög góðir en eldri vellir eru oft skelfilegir. Einnig er mikill getumunur á efstu og neðstu liðunum í deildinni. Bestu liðin í 1. deild eru alveg á pari við meðallið í efstu deild eins og sést á árangri Hönefoss og Sandnes Ulf sem fóru upp í fyrra. Einnig hafa mörg 1. Deildarlið náð finum árangri í bikarkeppninni.“

Guðmundur segir erfitt að bera saman Úrvalsdeildina heima og svo 1. deildina í Noregi. „Bestu lið á Íslandi myndu sjálfsgagt standa sig ágætlega í 1. deildinni hér. En það má ekki gleyma því að flest liðin í tveimur efstu deildunum í Noregi eru atvinnumannalið þannig að það er

ekki hægt að bera saman aðstöðumuninn fyrir leikmennina.“

Gengur þokkalega með norskuna

Flestir leikmenn Start eru norskir og því mikilvægt fyrir Guðmund að setja sig inn í málið. „Þetta kemur nú svona smám saman þótt danskan hafi aldrei verið mitt uppáhaldsfag í skóla,“ sagði hann hlæjandi. „Það eru að vísu þeir leikmenn frá Afríku í hópnum þannig að enska er oft notuð á æfingum. Ég ætla mér hins vegar að læra norskuna því vonandi verð ég hér í landi eitthvað áfram.“

Á undirbúningstímabilinu æfir Startliðið tvisvar á dag en þegar tímabilið er byrjað eru æfingar einu sinni á dag. Yfirleitt eru æfingarnar á morgnana þannig að Guðmundur hefur allan seinni partinn til að slaka á. „Þetta er auðvitað draumalíf fyrir knattspyrnumann. Æfingaálagið er ekki of mikið og finnst mér ég vera í góðu standi. Ég náði strax að tryggja mér sæti í byrjunarliði og liðinu hefur gengið vel. Auðvitað sakna ég stundum Íslands, annað væri óeðlilegt. Ég hugsa oft til fjölskyldunnar og félagana í Blikaliðinu. En ætli ég verði ekki að segja að ég sakni mest matarins hjá mömmu!“

Guðmundur segist vera töluvert mikið með Matthíasi Vilhjálmssyni og fjölskyldu hans. Matthías sem kom frá FH fyrir þetta tímabil eins og Guðmundur hefur einnig átt skínandi tímabil með liðinu. Hann er markahæstur í 1. deildinni og er mikið talað í fjölmiðlum um hve Íslendingarnir hafi verið mikill happafengur fyrir Startliðið. „Þetta hefur gengið vel hingað til. Það er hins vegar mikil samkeppni í deildinni og við verðum að passa okkur að misstíga okkur ekki. Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir liðið að komast upp í efstu deildina upp á mætingu og fjárhagslega umgjörð fyrir liðið. Ég tel hins vegar að við séum með nógu

gott lið til að fara upp og það er stefnan.“

Framtíðarsýnin er skýr hjá Guðmundi; „Það er fyrst og fremst að fara upp í efstu

deildina með Start og spila þar í einhvern tíma. Vonandi næ ég síðan að spila með stærra liði í komandi framtíð. Einnig er stefnan að spila fleiri landsleiki

því ég tel að það séu spennandi tímar framundan hjá íslenska landsliðinu,“ segir þessi snjalli knattspyrnumaður.

Árið 1974 var merkilegt ár fyrir knattspyrnudeild Breiðabliks



Það ár unnu 3., 4. og 5. flokkur karla félagsins Íslandsmeistarartitlinn sama daginn. Allir úrslitaleikirnir fóru fram á Melavellinum í Reykjavík. Ekkert félag hefur unnið þetta afrek hvorki fyrr né síðar. Skinfaxi, tímarit Ungmennafélags Íslands gerði þessum atburði góð skil enda Breiðablik ungmennafélag. Á forsiðu var mynd af Valdimari F. Valdimarssyni, fyrirlíða 3. flokks að taka á móti bikarnum. Á myndinni sjást einnig Ásgeir Þjálfari liðsins, Kristján Þór Gunnarsson markvörður, Ólafur Björnsson, Sigurjón Rannversson, Theodór Guðfinnsson, Ingvar Teitsson og fleiri góðir leikmenn sem hafa flestir haldið tryggð við félagið í næstum því 40 ár.



Síamótið 2012



Síamótið var haldið síðast-liðið sumar með pomp og prakt. 194 lið mættu til leiks frá 34 félögum. Keppendur voru rétt tæplega 1.700 að þessu sinni sem er nýtt met.

Þetta mót var það 38. í röðinni og því stýttist í afmælis-mót. Veðurguðirnir léku við hvern sinn finger eins og oftast áður. Kópavogsdalurinn iðaði því af lífi 12.-15. júlí enda má áætla að allt að fimm þúsund manns hafi verið í Dalnum þegar mest lét. Mótið er fyrir stelpur á aldrinum 6-12 ára.

Þess má geta að Síminn og Breiðablik undirrituðu nýjan samning til þriggja ára síðast-liðið sumar og er Síminn eini styrktaraðili mótsins. Knattspyrnudeild Breiðabliks sendi Símanum kærar þakkir fyrir

stuðninginn en Síminn hefur stutt mótið með ráðum og dáð allt frá árinu 2005.

Það er mikið upplifelsi að fylgjast með þessum ungu stúlkum í leik og keppni. Ekki er síður gaman hve margir aðstandendur fylgja stúlkunum. Þess má geta að um þrjú þúsund manns komu á loka-skemmtun mótsins í Smáranum á laugardagskvöldið. Eins og undanfarin ár unnu heima-stúlkur í Blikum, Valsarar og Stjörnstelpur flesta bikara en á móti eins og þessu eru allir sigurvegjar. Þau lið sem fengu háttvísiverðlaun voru 5. flokkur Dalvík, 6. flokkur Höttur og 7. flokkur Álfanes. Vonandi sjáum við sem flesta keppendur næsta sumar :)









Frábært að starfa í kringum kvennaknattspyrnu

Borghildur Sigurðar-dóttir hefur verið formaður meistara-flokksráðs kvenna undanfarin 2 ár. Ársritið ákvað að leggja fyrir hana nokkrar spurningar í tengslum við starfið.

Í hverju felst starf meistaraflokksráðs?

Starf ráðsins felst í utanum-haldi og skipulagningu flestra þátta er snúa að rekstri flokks-ins fyrir utan æfingar. Meðal þess sem við gerum er að halda utan um fjármál meist-araflokks og 2. flokks sem einnig heyrir undir ráðið. Annað sem er í verkahring ráðsins er að umgjörð í kringum leiki flokkanna sé eftir þeim standard sem Breiðablik hefur sett og er það að ekki sé gerður munur á leikjum kvenna og karla. Aðrir atburðir sem ráðið sinnir er skipulag æfinga-ferða, semja við leikmenn og þjálfara og svo mætti lengi telja.

Hvernig komið þið að uppbyggingu innan félagsins?

Eitt af þeim verkefnum sem ráðið tekur að sér er að auka veg kvennaknattspyrnunnar innan félagsins. Það höfum við gert með því að gera leikmenn meistaraflokks sýnilegri og þekktari, halda úti góðri heimasíðu með myndum og umfjöllun um leikmenn og alla leiki liðsins. Leikmenn meistaraflokks hafa einnig verið duglegar við að mæta á æfingar hjá yngri flokkum



félagsins og taka þátt með stelpunum. Við teljum að foreldrar megi vera duglegri að taka þátt í þessu með því að sýna áhuga á leikmönnum og leikjum flokksins líkt og gert er við stráka. Það hefur sýnt sig að áhugi stúlkna og líkur á að þær stundi áfram knattspyrnu eykst gríðarlega ef foreldrar mæta á leiki með þeim og sýna áhuga.

Hvernig hefur aðsókn á leiki verið?

Við vorum svo heppin að Deloitte studdi okkur með því að bjóða frítt á völinn hjá okkur í 3 ár. Það hefur gert okkur kleift að fjölga áhorfendum gríðarlega og erum við með

langhæstu áhorfendatölur í deildinni. Annað sem við hreykjum okkur af er að stuðningsmenn Breiðabliks voru valdir stuðningsmenn ársins í Pepsideild kvenna 2012 sem er frábær viður-kenning að mínu mati. Hins-vegar má alltaf gera betur og munum við halda áfram að leggja vinnu í að auka aðsókn á kvennaleiki.

Hvernig sérðu fyrir þér komandi ár?

Það er frábært að starfa í kringum kvennaknattspyrnuna og sjá hana dafna á ný. Það hefur vonandi ekki gleymst að Breiðablik var og hefur verið í fararbroddi þegar kemur að

íslenskri kvennaknattspyrnu og er stefnan vissulega sett á toppinn á ný. Við erum að bjóða upp á lang bestu æfingaaðstöðuna á landinu, góða alhliða þjálfun bæði knattspyrnulega og líkamlega fyrir eldri leikmenn, og að okkar mati gott umhverfi almennt. Við tókum ákvörðun fyrir um tveimur árum að spila eingöngu á íslenskum stúlkum og hefja hér öflug uppbygg-ingarstarf. Við vissum að það myndi taka nokkur ár því að hjá Breiðablik eru stórir flokkar að skila sér upp með gríðarlega efnilegum stúlkum og því er framtíðin í Voginum mjög björt! Eins og oft er metnaður foreldra og ungra leikmanna mikill og pressa sett á þjálfara og starfslíð, en þá er mikilvægt að passa uppá að stelpurnar vaxi og þroskist í að verða lykilmenn í meistaraflokki. Hluti af því er að treysta þekkingu þjálfaranna í að sinna sínu starfi, þess vegna er þolinmæði hér dyggð eins og oft.

Hvert er mikilvægi meistaraflokksráðs?

Til þess að geta haldið uppi eins öflugu starfi og við viljum þarf fleira metnaðarfullt fólk inn í starfið. Það þarf að vera tilbúið til að starfa fyrir félagið að uppbyggingu burt séð frá því hvar þeirra barn er statt í sinni knattspyrnuíðkun. Við þurfum öll að hafa í huga að það er verið að byggja upp til framtíðar og ef enginn er tilbúinn til að taka þátt í þessu mikilvæga starfi verður engin framtíð. Ég tel að það sé eitthvað sem ekkert foreldri stúlkna í knattspyrnu vilji.

Áfram Breiðablik

VERTU Í GÓÐU STANDI MEÐ FLEXOR

Flexor býður upp á göngugreiningu og gott úrval af hlífum frá DeRoyal.



- ÖKKLAHLÍFAR
- KÁLFAHLÍFAR
- HNÉHLÍFAR
- HNÉPELKUR
- HITA- OG STUÐNINGSHLÍFAR
- OLNBOGAHLÍFAR
- ÚLNLIÐSPELKUR
- ÚLNLIÐSBÖND
- AXLAHLÍFAR
- NÁRABUXUR
- HITABELTI
- BAKBELTI
- KVIÐBELTI

Starfsfólk Flexor veitir þér ráðgjöf um val á hlífum og skóm sem henta þér.

Flexor býður upp á gott úrval af Asics og Nike hlaupaskóm, Lytos gönguskóm og skóm fyrir alla fjölskylduna í leik og starfi. Kíktu til okkar og skoðaðu úrvalið.

FLEXOR
NÆSTA SKREF

OPIÐ MÁN.-FÖS. FRÁ KL. 9.00-17.30.

Orkuhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 108 Reykjavík / S. 517 3900 / www.flexor.is

Göngugreining Flexor
getur skipt sköpum um
líðan þína í framtíðinni.

Pantaðu tíma í síma

517 3900

KOMDU Í FLEXOR- KLÚBBINN!

AFSLÁTTARKLÚBBUR SEM FÆRIR ÞÉR GÓÐ KJÖR

Sem meðlimur í Flexor-klúbbnum færðu:

- ✕ 15% afslátt af EAS
- ✕ 15% afslátt af hlífum
- ✕ 15% afslátt af öllum skóm
- ✕ 30% afslátt af göngugreiningu

SKRÁÐU ÞIG Á WWW.FLEXOR.IS

FLEXOR
KLÚBBURINN

 Fylgstu með okkur á Facebook!

„Berum höfuðið hátt sem Blikar“

segja hjónin Hreinn Bergsveinsson og Valgerður Pálsdóttir



Heiðurshjónin Hreinn Bergsveinsson og Valgerður Pálsdóttir eru flestum Blikum kunn. Þau koma oft á leiki meistaraflokka karla og kvenna og oftast en ekki eru þau líka að fylgjast með yngri flokkum Breiðabliks. Þar að auki taka þau af fullum krafti þátt í íþróttastarfsemi eldri borgara í Smáranum þannig að þau eru nánast öllum stundum á íþróttasvæði Breiðabliks. Svo má ekki gleyma því að Hreinn átti í nokkur ár sæti í aðalstjórn Breiðabliks og Valgerður sat í varastjórn Blikaklúbbs kvenna.

„Við byrjuðum af alvöru að fylgjast með Blikunum þegar við fluttum í Melgerðið í vesturbæ Kópavogs árið 1978,“ segir Hreinn. „Þaðan var stutt á Vallargerðisvöllinn og þaðan barst ómur af leikgleði knattspyrnuíðkenda og við runnum á hljóðið og þar með vaknaði áhuginn. „Valgerður segir að þau hafi oft verið spurð hvaða strák eða stelpu við ættum í liðinu.“ „Svar okkar var“ „við eigum þau öll“, segir hún hlæjandi.

Börnin þeirra hafa ekki æft knattspyrnu en eru samt miklir Blikar. Elsti sonur þeirra er siglingamaður og hefur siglt með Ými frá 12 ára aldri. „Dótturdóttir okkar æfði með Blikum og tengdasonur spilaði með meistaraflokki en að öðru leyti hefur kraftur okkar farið í hróp og köll úr stúkunni,“ segja þau bæði brosmild.

Hreinn og Valgerður segja að fjörið og spennan sem fylgir kappleikjum sé nánast ávanabindandi. „Við búum núna í Lindunum og þegar við heyrum hróp og köll héðan frá íþróttasvæði á sumrin þá drífum við okkur yfirleitt hingað niður

eftir. Það bregst yfirleitt ekki að við hittum einhvern sem við þekkjum og það er oft kátt á hjalla hér í dalnum,“ segja þau.

Þegar þau eru spurð hvað séu hápunktarnir á þeirra Blikaferli þá nefna þau bikarleik Breiðabliksstúlkna við KR 2005 og alla Íslandsmeistarátitlana sem meistaraflokkur kvenna unnu. Síðar þegar ævintýrin gerðust 2009 og fyrsti Bikartitill karla var í höfn. „Þá varð gömlum Blika að orði: „Nú get ég dáið rólegur“, segir Hreinn kíminn.

„Svo má ekki gleyma ævintýrinu í Garðabæ, árið 2010 þegar Íslandsmeistarátitill varð að raunveruleika“ bætir Valgerður við.

Þau hjónin eru sammála að Breiðablik hafi lagt sérstaklega mikið til unglíngastarfs og sá árangur hafi ekki farið framhjá landsmönnum. Hið rómaða „Gull og silfur mót“ sem nú ber nafn Símans hefur borið hróður félagsins um landið allt.

„Við erum stolt af unga fólkinu okkar og uppeldisþætti íþróttanna og berum höfuðið hátt sem Blikar,“ segja Valgerður Pálsdóttir og Hreinn Bergsveinsson.



Gunnleifur í Breiðablik



Það voru góð tíðindi sem okkur Blikum bárust í haust þegar Gunnleifur Gunnleifsson landsliðsmarkvörður ákvað að ganga til liðs við okkur. Hann er margreyndur markvörður og hefur yfirleitt verið fyrirliði þeirra liða sem hann hefur spilað með. Gunnleifur lék á síðasta tímabili með Íslandsmeisturum FH en hann hefur einnig spilað með Val Reyðarfirði, KR, HK og Keflavík á sínum ferli auk þess að spila erlendis. Gunnleifur er 37 ára gamall og gerir samning til 3 ára.

Það þarf vart að taka það fram hve mikil styrking er af því að hafa Gunnleif í markinu. Hann er mjög öflugur á milli stanganna en ekki síður er Gunnleifur sterkur í teignum. Þar að auki er hann góður spyrnumaður og fjótur að koma boltanum í leik. Það verður gaman að sjá þennan snjalla Kópavogsbúa spila á nýjan leik í sínum heimabæ.

Alfreð í fararbroddi

Alfreð Finnbogason mun örugglega líta aftur til ársins 2012 með tregablöndnum söknuði. Það leit nú reyndar ekki vel út í byrjun árs; þá var hann úti í kuldanum hjá liði sínu Lokeren í Belgíu en var þá lánaður til sænska liðsins Helsingör. Þá fóru hlutirnir að gerast. Blikinn skoraði og skoraði fyrir liðið og fór þá að vekja athygli fleiri liða í Evrópu. Sviarnir vildu kaupa hann en hollenska liðið Heerenveen, með gömlu markamaskínuna Marco Van Basten sem framkvæmdastjóra, varð hlutskarpara. Í Hollandi hélt Alfreð áfram uppteknum hætti. Þegar árinu lauk hafði Alfreð skorað næstum því 30 mörk með félagliðum sínum og íslenska landsliðinu. Samkvæmt nokkuð áreiðanlegum heimildum varð Alfreð næst markahæsti leikmaður Evrópu á árinu 2012. Geri aðrir betur!

Það er því nokkur pressa á Alfreði Finnbogasyni nú þegar 2013 er runnið upp. Þessi árangur hans hefur vakið áhuga nokkurra stórlíða í Evrópu meðal annars AC Milan og Aston Villa. Blikinn hefur hins vegar tekið þessu með stóískri ró. Í viðtölum við fjölmiðla segist hann vera ánægður í Hollandi og telji sig geta bætt sig töluvert undir stjórn Van Basten. Ef Alfreð verður áfram á sömu siglingu á þessu ári verður sjálfsagt erfitt fyrir Heerenveeren að halda honum. Við Blikar erum hins vegar afskaplega stoltir af þessum leikmanni okkar. Hann hefur borðið hróður félagsins víða og það er alveg ljóst að margir ungir leikmenn okkar líta á Alfreð sem fyrirmynd. Við biðum því spennt eftir fleiri afrekum Alfreðs Finnbogasonar á komandi árum!



„Framtíðin er okkar,“

segir Bjarni Bergsson nýr formaður meistaraflokksráðs karla

Bjarni Bergsson hefur komið með ferska vinda inn í starfið í kringum meistaraflokksráð karla. Hann tók við sem formaður ráðsins um mitt síðasta sumar þegar Ólafur Björnsson þurfti að stíga til hliðar vegna anna í vinnu. Bjarni hefur lengi verið viðriðinn félagið sem leikmaður eldri flokks karla og liðsstjóri í yngri flokkum félagsins. Hvað varð þess valdandi að Bjarni tók við sem formaður?

„Ég frétti að Óli Björns gæti ekki sinnt þessu formannsstarfi vegna breyttra forsenda í vinnu. Eftir að hafa rætt við Einar Kristján formann knattspyrnudeildar og ráðfært mig við mína nánustu þá ákvað ég að slá til. Þetta hefur verið annasamur tími en mjög skemmtilegur,“ segir hinn nýi formaður.

Bjarni, sem er menntaður tölvunarfræðingur og fisktæknir og starfar hjá Marel, er töluvert á ferðinni erlendis. Er ekki erfitt að samræma miklar fjarvistir frá landinu og svo því að vera formaður meistaraflokks karla. „Jú, stundum er það nokkuð

snúið. Ég er með mjög gott fólk með mér í nefndinni sem fylla í skarðið þegar ég er erlendis og það hefur bjargað öllu.“

Ólst upp á Fáskrúðsfirði

Hinn nýi formaður bjó fyrstu ár ævinnar í Kópavogi en ólst upp á Fáskrúðsfirði. Hann flutti síðan í Kópavoginn aftur árið 1982 og hefur búið hér síðan. Hvenær fór hann að venja komur sínar á leiki hjá Blikaliðinu?

„Ég byrjaði að kíkja á leiki fljótlega eftir að ég flutti aftur í Kópavoginn, frekar stopult fyrst en fór að mæta fyrir alvöru í kringum 1990. Ég hef líka lengi



Bjarni ásamt Ólafi Kristjánssyni og Guðmundi Benediktssyni þjálfurum meistaraflokks karla hjá Blikum

æft knattspyrnu með eldri flokki Breiðabliks og þannig tengst starfinu með beinum hætti.“

Hvað hefur komið þér óvart í starfinu sem formaður? „Hvað það eru fáir sem vinna það mikla starf sem þarf að vinna og hversu atvikadriðið starfið er, þ.e.a.s að það er fullt af hlutum sem liggja fyrir í upphafi tímabils en þeir virðast samt koma á óvart þegar þeir gerast.“

Hver er framtíðarstefna meistaraflokksráðsins. Bjarni var ekki lengi að svara því; „Fá fleiri til að starfa fyrir félagið, vera alltaf í evrópukeppni og vinna titla reglulega með góðan kjarna af uppöldum leikmönnum.“

Hvernig sérðu framtíðina hjá okkur Blikum? „Við erum stærsta knattspyrnufélag á Íslandi og hjá félagi með allan þennan efnivið hlýtur framtíðin að vera björt. Það sýnir líka

hinn mikla fjölda leikmanna sem hafa farið frá okkur í atvinnumennsku á undanförunum árum. Þar kemst ekkert félag með tærnar þar sem við höfum hælana. Framtíðin er því okkar,“ segir Bjarni.

Þá var ákveðið að spyrja formanninn mjög erfiðrar spurningar 4-2-4. 4-3-3 eða 4-5-1 ? Eins og við mátti búast var ekki komið að tónum kofanum hjá formanninum „Ekkert af framantöldu, mér fannst okkar bestu leikir í sumar vera útileikirnir við Val og KR þar sem við spiluðum 3-5-2“

Ein svona trúnaðarspurning í lokin. Hver er bestur í meistaraflokknum núna?

„Þjálfarinn.“ Sagði formaðurinn hléjandi þegar hann rauk af stað að redda einhverju fyrir meistaraflokkinn.



Bjarni ásamt Kristjáni G. Ríkharðssyni, sem á sæti í meistaraflokksráði og snillingnum Jóhanni Fannari Kristjánssyni. Jóhann er mikill stuðningsmaður Liverpool og Breiðabliks!

Evrópubolti Breiðabliks

Fyrir nokkrum árum síðan skrifaði ég grein á Blikar.is hugleiðingar mínar um Breiðablik og Evrópukeppni, að vísu var ég svolítið háfleygur, þar sem ég lýsti leik Breiðabliks og Börsunga. Ég man ekki hvernig sá leikur fór en eitt man ég þó að þarna voru draumar mínir byrjaðir, um stóran þátt Blika í Evrópukeppninni.

Saga Breiðabliks í Evrópukeppni hjá strákunum er ekki löng þrátt fyrir að félagið sé rúmlega sextugt. Eftir fyrsta bikarmeistaratitil okkar árið 2009 þar sem við unnum Fram í úrslitaleik á Laugardalsvelli, var orðið ljóst að saga Breiðabliks í Evrópukeppni mundi hefjast árið eftir eða árið 2010. Þar sem við unnum bikarinn þá var okkur raðað í forkeppni fyrir Evrópudeildina þar sem við drógumst gegn skoska liðinu Motherwell, mother get well, eins og gárungarnir í stúkinni kölluðu liðið. Þann 15. júlí 2010 lá mín leið uppá Players í Kópavogi þar sem heyrst hafði af því að leikurinn yrði sýndur beint í skoska sjónvarpinu. Þar voru mættir hörðustu stuðningsmenn Breiðabliks sem ekki höfðu haft tök á því að skella sér á leikinn,

eftirvæntingin lá í loftinu á meðan Gaui reyndi að koma tæknimálum í lag, sms gengu á milli Íslands og Skotlands sem aldrei fyrr, eitt hljóðaði svo. „Það eru engar myndavélar á vellinum“ Ekki varð mikið úr því að við fengum að sjá fyrsta Evrópuleik Breiðabliks karla í beinni, einhverjir þráuðust þó við og hlustuðu á BBC 6 radíó Skotland.

Við töpuðum fyrsta leik okkar í Evrópukeppninni með minnsta mun 1-0 eftir hetjulega baráttu, síðari leikurinn fór fram við topp aðstæður á Kópavogsvelli, fyrsti heimaleikur í Evrópukeppni karla á móti Skotunum tapaðist einnig með minnst mun 0-1. Sama ár eða 2010 varð Breiðablik Íslandsmeistari í Pepsi deild karla. Við þann sigur vorum við komnir í forkeppni Meistaradeildarinnar þar

sem við drógumst gegn liði Rósenborgar frá Noregi. Leikurinn í Noregi var aðallega minnstæður fyrir það að Elvar Freyr fékk ekki að spila þar sem viku áður hafði hann gert hugsanlega samning við AEK frá Grikklandi, þetta fór illa í okkar menn og töpuðum við leiknum 5-0. Allt annar bragur á heimaleiknum, þar rúlluðum við Rosenborg upp og unnum með tveimur mörkum.

Fyrsti sigur okkar í Evrópukeppni og fyrstu tvö mörk okkar í Evrópukeppni. Mc Dylan Ástralinn góðlegi skoraði okkar fyrsta mark, en mark númer tvö skoraði hinn geðþekki Kristinn Steindórsson sem nú leikur í Svíþjóð.

Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hve mikilvægur sigur þetta er fyrir Breiðablik og íslenska knatt-

spyrnu. Rosenborg er stórveldi, ekki bara í Skandinavíu, heldur líka í Evrópu. Rosenborg varð fyrst bikarmeistari árið 1960 og síðan hefur félagið landað níu slíkum titlum. Liðið hefur unnið norsku deildina 22 sinnum, þar af þrettán ár í röð á árunum 1992 til 2004. Rosenborg tók þátt í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu ellefu sinnum á tólf árum frá 1995 til 2006. Á þessum árum bar Rosenborg meðal annars sigurorð af liðum borð við AC Milan, Juventus og Real Madrid. Árangur Blikaliðsins er því frábær!

Kannski er 2013 ár okkar Blika, við eigum að spila í Evrópudeildinni þar sem við lentum í 2. sæti í Pepsi deildinni. Kannski á draumur minn eftir að rætast, kannski á ég eftir að sjá Breiðablik á leikvelli Barca, Real og já jafnvel á Anfield en það á eftir að koma í ljós.

Leikdagar í sumar eru 4. og 11. júlí og þá kemur í ljós við hverja við spilum í næstu umferðum.

Kvedja, Heisi Heison



Það vekur athygli að aðeins þrír leikmenn sem spiluðu þennan Evrópuleik Breiðabliks á móti Motherwell fyrir rúmum tveimur árum eru enn að spila í græna búningnum. Þetta eru þeir Finnur Orri Margeirsson, Kristinn Jónsson og Jökull Elísabetarson!

Mikið ævintýri í eldri flokki Breiðabliks undanfarinn áratug

Breiðablik er sigursælasta liðið í Íslandsmóti eldri flokks karla, bæði í 30+ og 40+ og hafa meistaratitlarnir verið 12 frá 1998,7 sinnum í 30+ og 5 sinnum í 40+. Þessir síngu Blikar hafa einnig tekið þátt í útrásinni, 40+ fór í keppnisferð til Danmerkur, Slóvakíu og Ungverjlands. Þar var tekið þátt í mótum og að sjálfsöðgu vann Breiðablik mótin.

Það er ekki tilviljun að 40+ skuli vera með slíka sigra á bakinu, heldur er þetta þrotlaus þjálfun í gegnum árin, þarna innan um eru leikmenn sem allir ættu að kannast við úr uppbyggingastarfi félagsins á árum áður. Þarna eru leikmenn sem hafa spilað meistara-flokksleiki, verið atvinnumenn í knattspyrnu, spilað landsleiki. Þarna hafa verið leikmenn eins og þeir bræður Sigurður, Jóhann og Arnar Grétarssynir, Bonni, Denni, Pavol Kretovic, Guðmundur Guðmundsson, Steindór Elíson, Grétar Steindórsson, Kjartan Einarsson, Gústaf Ómarsson, Sigurður Víðisson, Heiðar Bergmann Heiðarsson, Salih Heimir Porca, Ingvaldur Gústafsson ofl. ofl.

Sá sem hefur borið hitann og þungann af þessu starfi er bakvörðurinn knái Ingvaldur Gústafsson eða Ingi litli eins og hann var alltaf kallaður á Vallargerðisvelli í gamla daga. Öll þessi ár hefur hann verið ötull þjálfari, eigandi og framkvæmdastjóri, spilað nánast allar stöður á vellinum, meira að segja í markinu á síðasta ári. Ingvaldur hefur með mikilli elju og stundum frekju náð í og sparkað í rass-gatið á mönnum sem hafa verið alveg við það að hætta en hafa samt vilja og getu til að spil fótbolta á elliárunum.



Íslandsmeistarar Breiðabliks í flokki 40 _ árið 2012.

Ingi og Porca hafa leitt þetta ævintýri

Einn þessara leikmanna er sjálfur meistari meistaranna Salih Heimir Porca, sem fæddist í (Bosníu) árið 1965 og varð því gjaldgengur í lið 40+ árið 2005. Heimir hefur víða komið við á sínum knattspyrnu-

ferli, hér heima hefur hann spilað með Selfossi, Val, KR og Breiðablik. Heimir spilaði alls 41 leik fyrir Breiðablik og skoraði í þeim 11 mörk. Um aldamótin síðustu gerðist Heimir aðstoðarþjálfari ásamt því að spila með Breiðablik. Í framhaldi á því að Heimir hætti

og ætlaði að leggja skóna á hilluna, kom títtnefndur Ingvaldur og fékk hann til að spila með 30+. Breiðablik krækti sér í Íslandsmeistaratitil árin 2004 og 2005 í 30+ og árið 2006 gerist síðan það að Breiðablik varð Íslandsmeistari í bæði 30+ og 40+ og í framhaldi af því vann 40+ þrjú ár í röð (2007-2009) og vannur bikarinn til eignar árið 2009. Síðan koma tvö mögur ár í 40+ en 30+ kom sá og sigraði í sínum aldurflokki þau tvö ár. Það var síðan árið 2012 sem Íslandsmeistarabikarinn kom til Kópavogs aftur og enn og aftur var lið Inga Gúst meistari meistaranna.

Það er ekki úr vegi á þessum tímamótum þegar Ingi er að færast yfir á sextugs aldurinn og Heimir færist nær og nær, að taka þessa tvo meistaratali og mælti ég mér mót við þá í skemmtigarðinum í Kringlunni.



Porca og Ingi.

Vallargerðið var okkar annað heimili

Heimir hætti að spila með meistaraflokki árið 2000 aðeins 35 ára gamall og gerðist aðstoðarþjálfari Sigga G og tók að sér þjálfun annars flokks Breiðabliks. Þar þjálfaði hann kapp á við Ellert Hreinsson, Kára, Arnór, Gunnar Jónsson, Steinþór, Guðmann og fl. Það má segja að Heimir hafi komið með nýjar áherslur í þjálfun, miðað við einstaklingsþjálfun. Heimir segir að þarna hafi hann haft gott tækifæri til að koma með sína sýn á leikinn og uppbyggingu einstaklingsins, það má allveg taka undir það því meðal þessara leikmanna eru leikmenn sem búa enn að því að hafa verið í læri hjá Heimi enda sótti Jörundur þjálfari meistarflokks þessa stráka og lét suma af þeim spila með meistaraflokknum.

Nú þegar þarna var komið við sögu birtist Ingi Gúst og blandaði sér í umræðurnar og taldi að hann hafi átt tvö heimili á þessum árum, það var Kópavogsbraut og Vallargerði. Vallargerði með Valda þar við stjórn var eins og himnaríki á jörðu. Ég spurði síðan Heimi hvað það sé við þennan hóp, sem nú er búinn að spila saman frá því hann kom inn. „Þarna eru leikmenn sem hafa spilað saman í yngri flokkum Breiðabliks, mikil samheldni, hafa gaman að þessu og auk þess kunna að spila fótbolta“ ég held að það megi segja að hver um sig hefur sitt hlutverk í þessum hóp, kosakinn er góður í því sem hann gerir, einn er góður fararstjóri, einn er dómari, ég sagði ekki „góður dómari, bara dómari. Sem betur fer erum við ekki allir alveg eins“.

Nánast enginn Bliki spilar með öðrum old-boys liðum

Heimir heldur áfram og segir, „líðið það snýst ekki bara um fótbolta, það eru allir góðir vinir, konurnar okkar koma með okkur í skemmtunina, svo má ekki gleyma foringjanum, það er ekkert auðvelt að stjórna þessum vitleysingum“ „já og

búin að gera það í 16 ár“ segir Ingi og blandar sér í umræðuna, ég held, segir Ingi að við höfum lagt grunninn að þessu strax í 5. flokki, þar voru við nokkrir að byrja eins og Siggi Grétars ég og Heiðar B Heiðars svo í 4. flokki Denni, Jói Grétars. Seinna meir komu þeir Bonni, Siggi Víðis, Gummi Gummi, Steindór, Grétar, Helgi Hjálmars, en þeir eru aðeins yngri en við.

Þegar Ingi er spurður um hans feril í meistaraflokki komum við ekki að tónum kofanum „ég byrjaði að spila með meistaraflokki árið 1983, en árið á undan urðum við Íslandsmeistarar í 2. flokki og við vorum nokkrir sem færðumst upp um flokk næsta ár á eftir, þar á meðal var Sævar Gunnleifs bróðir Gunnleifs markmanns, en það ár voru keyptar einhverjar gamlar kempur frá Val og fleiri félögum svo það var lítið pláss fyrir okkur sem komum upp, enda spilaði ég ekkert á því ári hjá Breiðablik, ári seinna fóru menn líka að tynast í burtu af

þeim sem voru uppaldir hjá félaginu, mig minnir að Sævar, Steini Geirs og Heiðar hafi orðið eftir af þeim sem urðu Íslandsmeistarar 1982, ég fór yfir til Bí á Ísafirði í tvö ár og það var skemmtilegur tími, við vorum 8 aðkomu leikmenn og við gistum allir á Hótel Mánakaffi“. Þá hefur sennilega ekki verið byrjaður þessi ferðamannastraumur. Innskot blaðamaður: Nei segir Ingi og heldur áfram „ég kom til baka árið 1996 og þá hitti maður einmitt strákana sem eru og voru uppistaðan á 30+ og 40+. Þarna var maður í sínu besta formi og spilaði alla leikina í efstu deild, en því miður eins og svo oft áður þá féllum við“. En Ingi hefur þú einhverja skýringu á því af hverju við vorum þetta jójó lið alltaf að falla og fara upp, ég held að það eigi sér skýringu í því að það var alltaf verið að skipta um þjálfara, vantaði þolinmæði gagnvart þeim leikmönnum sem voru að skríða uppúr yngri flokkunum. Þegar hérna var komið við sögu gerðum við hlé

á máli okkar, Ingi horfði dreyminn útí loftið og Heimir ætlaði að fara segja eitthvað þegar Ingi sagði „ég spilaði síðan með Blikunum til 1991 en um haustið meiddist ég og læknirinn sagði að ég þyrfi að hætta að spila fótbolta annars mundi ég þurfa að ganga með staf það sem eftir væri“ „en hvað með HK spilaðir þú ekki fyrir þá einhverja leiki“ já allveg rétt, það var árið sem Atli Eðvalds þjálfaði og spilaði, okkur gekk ágætlega þar, en þarna var þetta komið gott og ég skipti aftur yfir til Blika og þar hófst þetta ævintýri sem við erum núna búin að tala um í tvo tíma. Já þetta var og er góður tími, það má segja að ég hafi unnið allt sem hægt hafi verið að vinna til 20 ára aldurs og síðan eftir 30 ára, en ekkert þar á milli.

Ég hefði getað haft þetta viðtal miklu lengra en það koma tímar og það koma ráð, ég þakka viðmælendum mínum fyrir að fá að taka þátt í þessu ævintýri með þeim.

Heiðar Heiðarsson

Unglingaráð knattspyrnudeildar Breiðabliks



Unglingaráð knattspyrnudeildar Breiðabliks stýrir starfsemi yngri flokka félagsins sem rekin er með sjálfstæðum fjárhag. Umsjónarmenn allra flokka mynda unglingaráðið ásamt 5 manna stjórn sem skipuð er til eins árs í senn. Efri röð frá vinstri: Ólafur H. Ólafsson, Páll Liljar Guðmundsson, Nils Gústavsson. Fremri röð frá vinstri: Bergsveinn Sampsted, Tryggvi Hafstein og Halldór Arnarsson

Augnablik



Knattspyrnufélagið Augnablik lék í 3. deild karla sumarið 2012. Þjálfarar voru þeir Ólafur Tryggvi Brynjólfsson og Jóhann Hilmar Hreiðarsson. Þeir sáu einnig um þjálfun hjá 2.flokki karla og var því áframhaldandi samstarf milli 2.flokks Breiðabliks og Augnabliks.

Ákveðið var að byggja ofan á þeim grunni sem lagður hafði verið árið áður og skilaði Augnablik sæti í úrslitakeppni þar sem liðið féll naumlega úr leik á markamun gegn KV.

Margir leikmenn sem gengu upp úr 2.flokki karla gengu til liðs við Augnablik og fengu þeir verkefni með liðinu. Nokkrir af þeim höfðu reyndar spilað með Augnablik sumarið áður sem leikmenn 2.flokks Breiðabliks.

Lengjubikarinn

Augnablik tók þátt í B-deild Lengjubikarsins og dróguft í

riðið með HK, Njarðvík, KFR og Hamar úr 2.deild og liði KB úr 3.deildinni. Liðið endaði í 4-6 sæti riðilsins og fór svo að HK og Njarðvík spiluðu til úrslita í B-deild Lengjubikarsins þannig að segja má að riðillinn hafi verið firnasterkur.

Eftir Lengjubikarinn var alveg ljóst að liðið myndi styrkja sig töluvert með komu nokkurra leikmanna úr 2.flokki Breiðabliks. Þetta voru þeir: Guðmundur Friðriksson (1994) Höskuldur Gunnlaugsson (1994) Arnór Bjarki Hafsteinsson (1994) Hrannar Einarsson (1994) Gísli Eyjólfsson (1994) Viktor Örn Margeirsson (1994) Atli Fannar Jónsson (1995)

Þessir piltar stóðu sig allir gríðarlega vel og fengu héra ómetanlega reynslu sem vafalaust á eftir að nýtast þeim síðar á knattspyrnuferlinum. Þeir fara í hóp ungblíka sem stigið hafa sín fyrstu skref með

Augnablik má þar nefna: Alfreð Finnbogason, Elfar Frey Helgason, Sverri Inga Ingason, Hauk Baldvinsson, Elvar Pál Sigurðsson og fleiri.

Bikarkeppni KSÍ

1. umferð

Hómer – Augnablik 1-3

64-liða úrslit

Augnablik – Hamar 2-0

32-liða úrslit

Augnablik – Höttur 1-4

Íslandsmótið

Riðillinn sem við fengum var hálfgerður „dauðariðill“, það var alveg ljóst að við myndum etja kappi við 3 lið frá Austurlandi (Huginn Seyðisfirði, Einherja Vopnafirði og Leikni Fáskrúðsfirði) og því talsvert um ferðalög. Ferðirnar austur urðu liðinu að falli því við töpuðum öllum leikjunum fyrir austan en á móti kom að við gerðum Versalavöll að miklu vígi þar sem við unnum alla leikina nokkuð örugglega sem við spiluðum þar. Það fór svo að Augnablik endaði í 3. sæti riðilsins aðein einu stigi á eftir 1. og 2. sætinu. Því var ljóst að

liðið myndi ekki fara í úrslitakeppnina heldur í úrslitaleik við Drangey sem einnig hafnaði í 3.sæti síns riðils. Leikurinn var spilaður í Borgarnesi í grenjandi rigningu. Leikurinn var einn sá dramatískasti sem undirritaður hefur séð. Eftir að hafa lent marki undir á 75 mínútu náði Höskuldur Gunnlaugsson að skora jöfnunarmark á 86 mínútu. Mínútu síðar missum við mann útaf með rautt spjald. Í framlengingu kom styrkur og karakter liðsins bersýnilega í ljós og manni færri bættum við 2 mörkum við frá þeim Jóhanni Hreiðarssyni og Höskuldi Gunnlaugssyni. Með þessum sigri varð það ljóst að Augnablik spilar í nýrri 10 liða 3. deild karla tímabilið 2013 þar sem allir leikirnir verða erfiðir og ljóst að uppgangur Augnabliks er rétt að byrja.

Við hvetjum alla til að fylgjast með Augnablikum í sumar og mæta á völlinn hjá okkur.

Blikakveðja

Guðjón Már Sveinsson

HERBALIFE®

24™

NUTRITION FOR THE 24-HOUR ATHLETE™

Sjálfstæðir Herbalife dreifingaraðilar



Afsláttur alveg vinstri hægri

Orkulykillinn færir þér svo miklu meira en bara afslátt af ódýrasta* eldsneytinu.

Hafðu Orkulykilinn á kippunni og tryggðu þér líka:

- 3 kr. afslátt hjá Orkunni
- 4 kr. afslátt hjá Shell
- 7 kr. afslátt á Ofurdögum
- 10 kr. afslátt í fyrstu 2 skiptin
- 10 kr. afslátt á afmælisdaginn
- Afslátt af bílavörum
- Afslátt af smurþjónustu
- Afslátt af bílaþvotti
- Afslátt á Stöðinni
- Orkuvernd (verðstefna Orkunnar)
- Reglulega endurgreiðsluleiki
- Sérmerktan lykil



Fáðu Orkulykil og styddu Breiðablik með hverri áfyllingu af eldsneyti.

*Samkvæmt www.bensinverd.is

„Mjög ánægður hjá Halmstad“

segir framherjinn snjalli Kristinn Steindórsson

Framherjinn knái Kristinn Steindórsson er einn fjölmargra Blika sem hleypt hafa heimdraganum á undanförunum misserum og haldið í atvinnu-mennsku. Hann gerði í fyrra þriggja ára samning við sænska 1. deildar liðið Halmstad. Tímabilið gekk eins og í sögu; liðið vann deildina með töluverðum yfirburðum og Kristinn varð einn af markahæstu mönnum liðsins. Halmstad spilar því í Úrvalsdeildinni í Svíþjóð á næsta keppnistímabili.


„Ég er mjög ánægður hjá félaginu,“ sagði Kristinn. „Mér gekk strax vel að aðlagast boltanum í Svíþjóð og náði að tryggja mér fast sæti í liðinu fljótlega eftir að ég kom út. Það var vonum framar því ég átti alveg eins von á að þurfa að gefa mér eitt ár til að átta mig á aðstæðum,“ bætti þessi öflugi framherji við.

Kristinn sem er fæddur árið 1990 var í lykhlutverki í Blikaliðinu sem varð Bikar-meistari árið 2009 og Íslands-meistari 2010. Árið 2010 var hann valinn efnilegasti leikmaður Pepsi-deildarinnar og árið 2011 var hann besti leikmaður Blikaliðsins. Það var því ekki að furða að þessi árangur vekti athygli erlendra liða. Hann fór nokkrum sinnum í prufu til erlendra liða en að lokum

ákvað hann að ganga til liðs við Halmstad.

Borgin Halmstad liggur mitt á milli Malmö og Gautaborgar á vesturströnd Svíþjóðar. Í borginni og nágrenni búa um 90 þúsund manns og er aðalvinnuvegurinn þjónusta og iðnaður. Knattspyrnuliðið Halmstad var stofnað árið 1914 og hefur fjórum sinnum orðið sænskur meistari, síðast árið 2000. Meðal frægna knattspyrnumanna sem hafa komið frá félaginu eru Freddie Ljungberg og Nicklas Alexandersson. Þess má geta að Eyjamaðurinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson var markahæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar með Halmstad árið 2005.

Kristinn er metnaðarfullur leikmaður og segist vonast til að keppa í sterkari deild í



Kristinn Steindórsson ásamt föður sínum Steindóri Elíssyni. Steindór var einn mesti markaskorari sem hefur spilað í meistara-flokki á Íslandi. Og margfaldur Íslandsmeistari með eldri flokki Breiðabliks :)

náinni framtíð. „En nú ætla ég að einbeita mér að því að standa mig með Halmstad í efstu deild í Svíþjóð. Ef ég stend mig þar opnast sjálfsagt

möguleikar fyrir mig í Þýskalandi eða Hollandi. Ég hlakka mikið til að takast á við komandi áskoranir,“ sagði Kristinn Steindórsson.



Ellert kominn heim!

Þau ánægjulegu tíðindi bárust okkur Blikum á haustdögum að knattspyrnu-maðurinn snjalli Ellert Hreinsson hefði ákveðið að snúa aftur í Kópavoginn.

Hann hefur undanfarin ár stundað háskólanám í Bandaríkjunum og spilað þess á milli með nágrönnum okkar í

Stjörnunni. Ellert gerði 3 ára samning við knattspyrnu-deildina og þarf vart að taka fram hve mikill fengur er að fá þennan stóra og stæðilega framherja aftur í græna búninginn.

Ellert, sem er uppalinn Bliki, er 26 ára gamall og hefur spilað 145 meistaraflokksleiki

með Blikum, Víkingi Ó. og Stjörnunni og hefur skorað í þeim 45 mörk. Hann hefur átt við smávægileg meiðsl að stríða í vetur en er allur að koma til. Það verður því gaman að sjá Ellert Hreinsson láta til sín taka með Blikaliðinu í sumar.

Enginn leikur án dómara!

Rætt við Snorra Páll Einarsson dómara-
stjóra Breiðabliks



Breiðabliks. En það var borð-
tennis sem hafði betur þegar
Snorri Páll þurfti að velja á milli
íþróttagreina. Hann náði líka
afbragðsárangri í þeirri íþrótt
og á marga Íslandsmeistarattíla
í unglinga- og 2. flokki. Snorri
Páll var líka framarlega í félags-
starfinu og gegndi meðal
annars formennsku í Borð-
tennissambandi Íslands fyrir
nokkrum árum. En knatt-
spyrnan togaði alltaf í hann.
Snorri fór að mæta á old-boys
æfingar hjá Blikum þegar hann
hafði aldur til og hefur verið
einn af leiðtogum þess hóps á
undanförnum árum. Smám
saman fór hann einnig að
dæma og er nú kominn með
landsdómara-réttindi. Snorri
hefur því dæmt leiki í Pespí-
deild kvenna og leiki í næst-
efstu deild karla.

Dómara-
stjórinn hvetur alla
Blika til að kynna sér dómara-
starfið og drífa sig á dómara-
námskeið. Það næsta verður
haldið í lok febrúar. „Það er
ekki nauðsynlegt að ætla sér
að dæma í efstu deild. Menn
geta mætt eingöngu til að



Snorri Páll Einarsson.

kynna sér dómara-reglurnar
betur og svo hugsanlega
eingöngu dæma hjá yngstu
þátttakendunum. Þannig
byrjaði þetta hjá mér.
Strákurinn minn var að æfa og
það vantaði oft dómara. Ég
ákvað því að taka próf og
komst að því að það er mjög
gaman að dæma knatt-
spyrnuleiki. Það er þroskandi
fyrir alla að dæma og svo er
þetta svo gefandi starf.“

Á hverju ári fara mörg
hundrað leikir fram á veg-
um knattspyrnudeildar Breiða-
bliks. Sumir eru æfingaleikir,
aðrir í hraðmótum en enn aðrir
á Íslandsmóti. Enginn þessara
leikja myndi fara fram ef ekki
fengist dómari til að dæma þá.
Snorri Páll Einarsson er dóm-
ara-
stjóri knattspyrnudeildar
Breiðabliks og á honum liggur
sú ábyrgð að fá sjálfboðaliða til
starfa við dóm-gæslu hjá félag-
inu. „Það gengur bara nokkuð
vel,“ segir Snorri Páll þegar
hann er spurður að því hvernig
gangi að fá menn til að dæma
fyrir félagið. „Við höfum gert

átak í því að fjölga dómurum á
undanförnum árum og nú eru
margir efnilegir Blikadómarar á
leið upp dómara-stigann.“

Snorri Páll segir að það sé
mjög gaman að dæma. „Maður
fær tækifæri að vera í miðri
hringidunni í leiknum. Svo
kynnist maður mörgum knatt-
spyrnumönnum og konum og
forráðamönnum félaga. Ég
myndi því hvetja unga sem
aldna til að fara á dómara-nám-
skeið og ná sér í réttindi,“ segir
dómara-stjórinn.

Snorri Páll er uppalinn í
Kópavoginum og æfði knatt-
spyrnu með yngri flokkum



100 leikjahæstu menn Breiðabliks*

Nafn leikmanns	Tímabil	*A-deild - B-deild - Bikarkeppni KSÍ - Evrópukeppnir - Meistarakeppni KSÍ	Heildarleikir (þ.m.t. Lengjubikar, Fótbolti.net og önnur æfingamót)
Arnar Grétarsson	1988 - 2009	218	249*
Hákon Sverrisson	1990 - 2004	209	250
Árni Kristinn Gunnarsson	1998 - 2010	199	257
Olgeir Sigurgeirsson	2003 - 2012	183	252
Vignir Baldursson	1975 - 1988	166	*
Jón Þórir Jónsson	1985 - 1999	155	160*
Ólafur Björnsson	1979 - 1989	148	*
Kristofer Sigurgeirsson	1991 - 2004	145	162*
Jóhann Grétarsson	1978 - 1996	138	139*
Ívar Sigurjónsson	1995 - 2003	136	166
Sigurjón Kristjánsson	1980 - 1994	134	*
Kristján Óli Sigurðsson	1999 - 2007	133	189
Einar Þórhallsson	1971 -1980	132	*
Arnór S. Aðalsteinsson	2004 - 2011	131	183
Hákon Gunnarsson	1978 - 1987	125	*
Magnús Páll Gunnarsson	1999 - 2008	123	146
Þór Hreiðarsson	1971 - 1981	122	*
Finnur Orri Margeirsson	2008 - 2012	119	154
Gudmundur Þ. Gudmundsson	1986 - 1996	119	126
Valdimar Valdimarsson	1976 -1983	119	*
Sigurður Grétarsson	1979 - 2000	117	130*
Kristinn Jónsson	2007 - 2012	116	143
Hreidar Bjarnason	1996 - 2004	115	143
Hjalti Kristjánsson	1996 - 2006	114	133
Kjartan Einarsson	1996 - 2004	114	157
Grétar Steindórsson	1987 - 1994	110	*
Benedikt Guðmundsson	1978 - 1988	107	*
Kári Ársælsson	2002 - 2011	105	156
Ingvaldur Gústafsson	1986 - 1993	104	*
Ólafur Friðriksson	1971 - 1978	103	*

*Tölfræðin nærir ekki til: leikja í 2. deild 1979, bikarleikja 1993 og bikarleikja árin fyrir 1991 né leikja í 1. og 2. deild frá upphafi til ársins 1970. Vinnuhópur undir stjórn Jóns Inga Ragnarssonar er að vinna leikjatölfræði fyrir árin sem vanta, 1957 til 1969. Stefnt er að því að kynna þá vinnu á þessu ári. Í tölfræði geta leynst villur. Endilega sendið óskir um leiðréttingar og/eða upplýsingar um leiki leikmanns og mörk sem ekki eru skráð, eða bara hvað sem er sem tengist leikjatölfræði þ.m.t. að bjóða fram aðstoð við utunumhald og skráninu á netfangið: blikar@blikar.is

Getraunakaffi





MEISTARAFLOKK



UR KARLA 2012

Svipmyndir af meistaraflokki



Olgeir stefnir á toppinn



Olgeir Sigurgeirsson getur næsta sumar slegið met Árna Kristins Gunnarssonar sem leikjahæsti Bliki í meistaraflokki frá upphafi. Olgeir hefur leikið 252 leiki en met Árna Kristins er 257 leikir.

Olgeir kom til liðs við okkur fyrir keppnistímabilið 2003 frá Vestmannaeyjum og hefur verið í lykilhlutverki frá upphafi. Flestir muna eftir því að

hann stýrði liðinu sem fyrirliði í leiknum gegn Stjörnunni árið 2010 í Garðabænum þegar Blikar tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta skipti.

Þrátt fyrir að Olgeir hafi ekki átt fast sæti í byrjunarliði Breiðabliks undanfarin 2-3 ár er hann gríðarlega mikilvægur fyrir liðið. Hann rífur menn áfram á jákvæðan hátt og leggur sig alltaf 100% fram þegar hann kemur inn á.

Eftirminnilegt er þegar hann kom inn á móti Val í frægum leik á Hlíðarenda. Við vorum 1:3 undir og manni færri þegar Olgeir kom inn á um korteri fyrir leikslok. Olgeir reif liðið upp og þegar yfir lauk höfðu Blikar skorað þrjú mörk og unnu leikinn. Að sjálfsögðu skoraði þessi knái leikmaður eitt mark! Við Blikar segjum bara takk Olgeir fyrir það mikla framlag sem þú hefur komið með til okkar.





2. flokkur karla þetta árið var samansettur af drengjum fæddir 1993, 1994 og 1995. Þjálfararnir voru þeir Ólafur Brynjólfsson og Jóhann Hreiðarsson. Aldurskiptingin dreifðist jafnt milli '94 og '95 en aðeins tveir drengir fæddir '93 mættu reglulega. Æfingasókn var mjög góð hjá þeim tæplega 40 drengjum sem tilheyrðu flokknum. Nokkur fækkun varð í hópnum fyrir áramót, en mikil samkeppni um stöður í byrjunarliðum er helsta skýring

þess. Á undirbúningstímabilinu mættum við með tvö A-lið í Faxaflóamótið. Liðin enduðu í sjötta og þriðja sæti.

Yfir vetrar tímarnar æfðum við af krafti eða 6-8x í viku þar með talið hlaupa- og lyftinga-æfingar. Þeir leikmenn sem einnig stunduðu nám við Menntakólann í Kópavogi æfðu 3x í viku á morgnana undir stjórn Óla Kristjáns, Gumma Ben og Arnars Bill.

Það leið að sumrinu og við höfðum náð að þróa

spilamennsku okkar vel. Við lögðum upp með að spila boltanum út úr vörn og halda boltanum á jörðinni og spila í fætur. Varnarlega settum við upp stífa pressu. Sumarið var byrjað og mikil stemning var í hópnum og smá spennan í mönnum. Í Íslandsmótinu vorum við með tvö A-lið. Annað spilaði í C-riðli en hitt í A-riðli. Svoltið bras var á liðinu í C-riðli og endaði liðið í 9. sæti af 10 liðum. Liðið í A-riðli átti góða byrjun í Íslandsmóti og var á

toppnum meiri hlutann af mótinu en endaði í öðru sæti á eftir FH. Í bikarnum féllum við snemma út eftir svekkjandi tap gegn ÍA í vítaspyrnukeppni. Þegar horft er til baka eru skemmtilegar minningar þar sem við getum verið nokkuð stoltir að árangrinum en setjum stefnuna á einu sæti ofar næsta sumar.

*Knattspyrnukefja
Viktor Örn Margeirsson
Fyrirliði 2. Flokks karla
tímabilið 2011-2012*



Æfingar hófust hjá 3. flokki karla um mánaðamótin september og október eftir stutta hvíld. Flokkinn skipuðu drengir fæddir 1996 og 1997. Þjálfarar flokksins voru Úlfar Hinriksson, Tryggvi Björnsson og Aðalbjörn Hannesson. Æfingahópurinn taldi milli 70 og 80 drengi en reikna má með að um 100 hafi mætt á æfingar hjá flokknum í heildina.

Vetrarstarf flokksins var hefðbundið með æfingum, þátttöku í Faxaflóamóti, súkkulaðimótum, æfingaleikjum og jólahlaðborði svo eitthvað sé nefnt. Að venju var yngri árið sent á dómaranámskeið.

Fimm lið voru skráð til leiks í Faxe, tvö A lið og þrjú B lið, og enduðu þau flest um miðja deild, bestum árangri náði B2 liðið en þeir enduðu í 2. sæti í sinni deild.

Sumarstarfið hófst í lok skólaársins með útæfingum og þátttöku í Íslandsmóti og Borgunarbikar. Einnig aðstoðuðu strákarnir við dómgæslu hjá 4., 5. og 6. flokki og á Síamóti. Eitt lið tók þátt í Borgunarbikar og komst í undanúrslit þar sem Valur hafði betur. Fimm lið tóku þátt í Íslandsmótinu, tvö A lið, eitt B lið og tvö C lið. C liðin voru saman í deild og enduðu í 3.

og 6. sæti en bæði liðin náðu ágætum úrslitum í sínum leikjum og bættu leik sinn yfir sumarið. B liðið endaði í 4. sæti í sinni deild. A2 liðið lauk leik í sinni deild í 8 sæti og eins og C liðin tóku þeir miklum framförum yfir sumarið. A1 liðið sigraði sína deild og stóð að lokum uppi sem Íslandsmeistari eftir úrslitaleik við Stjörnuna.

Margir leikmenn fengu tækifæri að æfa með unglíngalandsliði og þrír náðu að komast í lokahóp fyrir norðurlandamót og undankeppni EM. Einstaklingsviðurkenningar voru veittar til þriggja leikmanna á hvoru ári. Á yngri ári

var Ernir Bjarnason valinn leikmaður ársins, Jónas Helgi Sverrisson sýndi mestar framfarir og Sindri Magnússon var Bliki ársins. Á eldri ári var Aron Þórður Albertsson valinn leikmaður ársins, Benjamín Gísli Einarsson sýndi mestar framfarir og Pétur Hafliði Sigurðsson var Bliki ársins.

Í heildina var árangur flokksins góður og náðu flestir leikmenn að sýna miklar framfarir á tímabilinu. Þátttaka leikmanna í starfi félagsins og framkoma innan vallar sem utan var þeim sjálfum og félaginu til fyrirmyndar.





mora

MORA MMIX K6 - ELDHÚSBLÖNDUNARTÆKI

TENGI ER STOLTUR STUÐNINGSADILI BREIÐABLIKS

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



Heimilið
Líf- og heilsa
Bíllinn
Fyrirtækið

Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í eldhúsinu?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft.
Reiknivélín á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.

Toppurinn var ferð á Dana-Cup

4. flokkur karla (eldra ár)



Eldra ár 4. flokks karla getur litið til baka á tímabilið 2012 með nokkurri ánægju. Liðið varð Íslandsmeistari innanhúss og var hársbreidd frá því að komast í úrslit á Íslandsmóttinu utanhúss. Fjögur lið voru send til keppni á Íslandsmóttinu og stóðu þau sig öll mjög vel. Toppurinn á tímabilinu var hins vegar ferð á Dana Cup en þar skemmtu strákarnir, fararstjórnir og foreldrar sér mjög vel í frábæru veðri í bænum Hjörning í Danmörku. Júlli og Gústi þjálfarar náðu vel til strákanna og yfirfararstjórnir Magga, Inga og Valtýr skipulögðu þá ferð með miklum sóma.

Um 60 strákar æfðu reglulega með eldra árinu. Æfingar hófust í september og kvarnaðist lítið úr hópnum. Æft var í Fífunni, Kórnum og í Fagralundi og létu strákarnir kaldan veturinn lítið á sig fá. Góð stemmning var hópnum og má ekki síst þakka það Danmerkurferðinni. Þar gistu allir í sama salnum þannig að hópurinn hristist vel saman. Fararstjórnir reyndu mikið að fá Júlla til að læra meiri dönsku og sendu honum meðal annars danskar spari-bókmenntir. Vakti það mikla kátinu í hópnum. Strákarnir kynntust vel og ekki er ólíklegt að þarna hafi myndast vinátta sem eigi eftir að halda alla ævi.

Hér er árangur flokksins í sumar.

A1:
Íslandsmót: 5.sæti
Faxaflóamót: 1.sæti
Futsal: Íslandsmeistarar innanhúss.
Dana Cup: 16 liða úrslit

A2:
Íslandsmót: 9.sæti
Faxaflóamót: 3.sæti
Dana Cup: 32 liða úrslit

B1:
Íslandsmót: 3.sæti
Faxaflóamót: 1.sæti
Dana Cup: 8 liða úrslit

C1:
Íslandsmót: 8.sæti
Faxaflóamót: 7.sæti
Dana Cup: 64 liða úrslit

Mestu framfarir:
Sindri Þór Ingimarsson

Bliki ársins:
Ágúst Pálma Morthens

Besti leikmaðurinn:
Gísli Martin Sigurðsson

Þjálfarar flokksins voru:
Júlíus Ármann Júlíusson og
Ágúst Þór Ágústsson

Rúmlega sextíu strákar hófu Ræfingar á yngra ári í 4. flokki karla. Þeir eyddu haustinu í að læra á og venjast ellefu manna boltanum. Þeir stóðu sig með mikilli þrýði í Faxaflóamótinu og unnu B liða keppni og lentu í öðru sæti í keppni C liða.

Í mars fór flokkurinn saman á Greifamótið á Akureyri og spilaði þar hörkuleiki við erfiða andstæðinga. Í maí var svo farið í æfingabúðir í Þorlákshöfn þar sem menn fóru á kostum á vellinum, uppi á sviði og í hlutverki Justin Bieber. Drengjunum er ráðlagt að halda áfram í knattspyrnu og

lata X factor eiga sig næstu árin.

Strákarnir áttu svo gott sumar á Íslandsmótinu þar sem A3 varð í öðru sæti riðilsins og náði næstum í úrslitakeppnina. B liðið náði sjötta sæti í sterkum riðli og C2 lenti í þriðja sæti í sínum riðli og C3 í því áttunda.

Það er ekki auðvelt að vera alltaf yngri og berjast við eldri og stærri leikmenn en þessir strákar lærðu mikið og þroskuðust á því að takast á við þetta erfiða verkefni. Hugarfar hópsins var til fyrirmyndar og í honum er fjöldi efnilegra leikmanna sem verður

gaman að fylgjast með á næstu árum.

Þetta var annað árið þar sem þessi háttur var hafður á að skipta fjórða flokki í eldra og yngra ár. Ljóst er að þetta fyrirkomulag hefur mikla kosti hvað æfingar varðar en jafnframt mikla ókosti þegar komið er út í keppni. Mikill líkamlegur munur er á drengjum á þessum árum og best væri ef önnur félög skiptu sínum liðum á sama hátt og boðið væri upp á fleiri keppnir fyrir yngra og eldra ár aðskilin. Ákveðið var að tímabili loknu að sameina árgangana næsta árið en áfram höldum við að

gera samanburð á þessu fyrirkomulagi.

Þjálfarar flokksins voru Daði Rafnsson og Kristinn Sverrisson. Að baki drengjunum stendur sterkur hópur foreldra sem eiga miklar þakkir skildar.

Besti leikmaður:
Arnar Steinn Helgason

Mestu framfarir:
Gabriel Da Costa

Blíki ársins:
Viktor Brynjarsson





Kraftur og fjör

6 flokkurinn var skipaður strákum fæddum 2002 og 2003 tímabilið 2011-2012. Eldri strákarnir voru 50 og þeir yngri 75 talsins. Strákarnir voru mjög áhugasamir allt tímabilið og æfðu mikið og vel. Eldra árið mætti mun betur og oftar á æfingar en yngra árið en það er mjög eðlilegt þar sem margir á yngra ári eru enn að prófa margar íþróttir.

Æfingarnar yfir vetrartímann voru þrjár í viku bæði í Kórnum og í Fífunni. Við nýttum tímann okkar á sunnudögum vel en þá náðum við að keppa æfingaleiki 5x5 í 6 skipti. Þar er markmiðið að spila fótbolta án afskipta þjálfara og foreldra. Við

náðum því að spila á litlum völlum með fáum inn á nokkra mánuði eða fram að Goðamóttinu í mars sem var fyrsta mótið þar sem keppt var í 7 manna liðum.

Um sumarið var æft 4 sinnum í viku bæði í Kórnum og í Fífunni. Í júní tók við Pollamót KSÍ og Shellmót í Eyjum fyrir eldra árið. Í ágúst fórum við á Króksmótið, aðallega yngra árið en tvö eldra árs lið flutu með. Um miðjan ágúst tók eitt yngra árs lið frá flokkninum þátt í úrslitum B liða í Pollamóttinu og lenti í 3. sæti. Í lok ágúst fór stór hluti flokksins á Aftureldingarmót í Mosfellsbæ.



Hápunktur tímabilsins var Shellmótið í Eyjum hjá eldra árinu sem gekk framúrskarandi vel. Foreldrar og umsjónarmenn stóðu sig gríðarlega vel við skipulagningu á ferðinni og strákarnir svöruðu því með glæsilegri frammistöðu á völlum.

Þjálfararnir þetta árið voru Sigurður Viðisson, Hákon Sverrisson og Sölvi Guðmundsson. Sölvi hætti því miður með okkur í mars og fór í aðra vinnu, Guðmundur Brynjólfsson tók við í tvo

mánuði og síðan kom Guðjón Gunnarsson í hópinn um sumarið. Æfingarnar gengu mjög vel allt árið, skipulag og umgjörð voru eins og best verður á kosið.

Foreldrar sem komu að starfi flokksins voru mjög margir þetta árið og eiga allir þakkar skildar fyrir samstarfið. Einnig viljum við þakka umsjónarmönnum okkar þeim Halldóri, Jóni, Sigga og Helgu fyrir samvinnuna í ár.

Áfram Breiðablik,
Siggi og Hákon





Gull og gleði

Grunnurinn í starfi 7. flokks er að hjálpa hverjum dreng að blómstra á sínum forsendum. Við náum þessu markmiði með því að hafa gaman og hvetja áfram. Við náum því með því að spjalla við strákana, vera endalaust að útskýra (oft sömu hluti með ólíku orðavali) og með því að hlusta á þeirra sjónarmið. Við náum líka þessu markmiði með því að hafa aga, kenna sjálfstjórn og með því að hafa öruggt umhverfi. Svona grunnþættir hjálpa okkur að skapa þannig umhverfi fyrir drengina að þeir skemmti sér vel, reyni sitt ýrasta og sýni góðar framfarir. Þetta hjálpar þeim líka að vera stoltir af sjálfum sér, þora að gera mistök og að takast á við mótlæti. Við köllum þetta að byggja upp heilsteypnan einstakling. Með slíkum leiðarljósum byggja þjálfarar 7. flokks, með þéttri aðstoð foreldra og unglingaráðs félagsins, upp öflugt og metnaðarfullt starf.

Við í 7. flokki metum árangur starfsins okkar ekki með því að telja bikara eða sigra á mótum heldur með því að líta á framfarir hvers drengs og skoðanir foreldra. Framfarir felast þannig í því að barn nái að þroska hæfileika sína, t.d. hreyfifærni, félagslegan þroska, einbeiti-

ingu, aga og í raun viljann til að vera virkur. Við viljum meta okkar árangur á þeim félagslegu, sálrænu og líkamlegu framförum sem strákarnir sýna á æfingum og öllum samskiptum, þótt það gefi stundum af sér medaljur og bikara.

Umgjörð æfinga byggðist á þremur æfingum í viku yfir vetrartímann og fjórum æfingum yfir sumartímann. Almennt voru kringum 50 strákar að æfa í hvorum árgangi (2004 og 2005) og síðan fengu nokkrir 2006 að fljóta með. Venjulega eru 100 strákar á æfingu í hverri viku, 110 til 130 strákar á hverju móti og yfir 160 komnir á skrá í flokknum.

Grunnmarkmið 7. flokks er að vera fyrsti æfingaflokkur fyrir börn í knattspyrnu, þ.e. taka vel á móti nýjum iðkendum, leggja mikla áherslu á vellíðan og skemmtilegar æfingar með góðri blöndu af knattækni ásamt því að rækta óbilandi áhuga. Venjuleg æfing byggist á leikjum, knattækni, spili og öðrum boltaæfingum. Innan hvernar æfingar er skipt í hópa, stundum eftir vinum og félögum og stundum eftir jafningjahópum. Almennt voru þrír fullorðnir þjálfarar á æfingu og þrír aðstoðarmenn.

Á tímabilinu voru 8 mót og síðan vinnuáætlunir. Við

héldum áfram að vinna eftir 5 á móti 5 keppnisfyrirkomulaginu, sem Breiðablik hefur haft forgöngu um að próa á Íslandi. Við tókum fjögur (5-5) mini-mót, fórum á Keflavíkurmót, Víkingsmót, Fylkismót og fleiri mót. Hápunktur sumarsins var þriggja daga mót á Akranesi þar sem 130 blikastrákar ásamt foreldrum skemmtu sér vel. Fyrir utan mótin voru skemmtikvöld, bíóferð, vöfflukaffi, grænmetisæfingar, vinnuæfingar, heimsóknir og fleira.

Nefna verður frábært samstarf við foreldra, sem voru alltaf duglegir að hjálpa til og hrósa strákunum og þjálfurum. Það var frábært hvernig þau Sigrún og Þorvar umsjónarmenn og liðstjórar náðu að halda utan um 120-130 manna

hóp drengja. Eins takk til allra sem lögðu lið í matarnefnd, búningamálum, svefnmálum og öðrum verkefnum.

Það er óhætt að segja að starfið í flokknum á síðasta tímabili hafi gengið frábærlega. Þótt breytingar sjáist ekki á milli einstakra æfinga þá er alveg ótrúlegt hvernig sjálfsmynd, trú á eigin getu, einbeiting, hreyfifærni, knattspyrnuleg- og félagsleg færni tók miklum framförum hjá strákunum. Í hópnum eru margir efnilegir drengir sem eiga eftir að láta ljós sitt skína í nánustu framtíð, hvort sem það verður í knattspyrnu eða öðrum sviðum samfélagsins.

Í lokin þökkum við gullmolunum okkar, strákunum sjálfum, og fjölskyldum þeirra fyrir frábært samstarf.

Sverrir, Þórður, Viðar og aðstoðarþjálfarar.





MEISTARAFLOKK



UR KVENNA 2012



Leikjafjöldi í meistaraflokki

178 Sigrún Óttarsdóttir
172 Krístrún Lilja Daðadóttir
156 Margrét R. Ólafsdóttir
143 Ásta B. Gunnlaugsdóttir
134 Erna Björk Sigurðardóttir
131 Ásta María Reynisdóttir
127 Margrét Sigurðardóttir

122 Sigfríður Sophusdóttir
120 Guðrún Erla Hilmarsdóttir
107 Helga Ósk Hannesdóttir
107 Fanndís Friðriksdóttir
106 Sandra Sif Magnúsdóttir
104 Hlín Gunnlaugsdóttir





Bikarmeistaratitill stendur uppúr

Um 20 stelpur æfðu reglulega í ár og hófust æfingar í október. Æft var 4–6x í viku við frábærar aðstæður. Stelpurnar tóku þátt í Faxe-flóamóti sem hófst í byrjun nóvember og lauk í apríl. 8 lið tóku þátt að þessu sinni og spiluð var tvöföld umferð. Sýndu stelpurnar strax frá upphafi að þær höfum sett sér háleit markmið fyrir tímabilið og unnu þetta mót með glæsibrag. Æfingar gengu mjög vel og voru stelpurnar mjög metnaðarfullar og duglegar að leggja á sig mikla vinnu. Sú vinna átti

svo líka eftir að skila sér. Stelpurnar mættu tilbúnar í Íslandsmótið sem byrjaði 25. maí því þær spiluðu frábæran fótbolta og höfðu gaman af hlutunum. Fjögur lið voru í harðri samkeppni um sigurinn í mótinu og það fór svo að við enduðum í 3ja sæti. Stelpurnar spiluðu 12 leiki, unnu 6, gerðu 1 jafntefli, töpuðu 4 leikjum og enduðu með markatöluna 34/20. Stelpurnar tóku einnig þátt í Valitor bikarkeppninni. Þar sigruðu stelpurnar sterka andstæðinga á leið í úrslitaleikinn. Síðasti leikur sumarsins

var svo bikarúrslitaleikur þar sem stelpurnar sýndu úr hverju þær eru gerðar og sigruðu sanngjarnt í framlengdum frábærum fótboltaleik sem bauð uppá allt það besta. Bikarmeistarar 2012.

Framtíðin er björt hjá félaginu því einungis þrjár stelpur voru á elsta ári í flokkum og 13 stelpur á 2. flokks aldri spiluðu með mfl í sumar, sumar sem lykilleikmenn í ungu og efnilegu liði meistaraflokks og öðlast þar dýrmæta og góða reynslu.

Þær Þórdís Hrönn Sigfús-dóttir og Ásta Eir Árnadóttir,

Guðrún Arnadóttir, Fjolla Shala og Raket Ýr Einarsdóttir spiluðu allar með U 19 ára landsliðinu á árinu og spiluðu þar stórt hlutverk.

Á uppskeruhátíð Breiðabliks var Ásta Eir Árnadóttir valin leikmaðurinn ársins, Lára Rut Sigurðardóttir var valin Bliki ársins og Rebekka Katrín Arnþórsdóttir var valin leikmaður leikmannanna.

*Kristrún Lilja Daðadóttir
Hallur Ólafur Agnarsson*



200





3. flokkur kvenna

Um 25 hressar og metnaðarfullar stelpur æfðu að staðaldri með 3. flokki kvenna. Æft var 4–5x í viku allt tímabilið við frábærar aðstæður. Til þess að allar fengju verkefni við hæfi vorum við með tvö A lið bæði í Faxaflóa – og Íslandsmóti. Einnig spiluðum við marga æfingaleiki, stelpurnar fóru á séræfingar og þær duglegstu æfðu aukalega hlaup og tækniæfingar, því það er jú aukaæfingin sem skapar meistarann.

Amazing Race, hot yoga, Zumba, spinning, leikir og skemmtun inná milli æfinga stytta undirbúningstímabilið til muna og stelpurnar blómstruðu þegar grasið varð loksins

grænt. Með tvö lið á Íslandsmótiinu var stefnt á sigur í hverjum leik, en einnig með það í huga að bæta sig og læra og njóta þess að spila fótbolta við frábærar aðstæður hverju sinni. Uppskeran í lok sumars er einstök. Gull hjá A1 og silfur hjá A2 í Faxaflóamótiinu, Íslandsmeistarar í Futsal, Bikarmeistarar og A1 varð síðan Íslandsmeistari eftir framlengdan leik og vítaskyrnukeppni. A2 varð síðan hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina en þær enduðu í 2. sæti í sínum riðli, töpuðu aðeins tveimur leikjum, báðum á móti Fjölni sem komst svo alla leið í úrslitaleikinn á móti A1.

Í júlí tókum við einnig þátt í Rey cup. Sigur í úrslitaleik á Laugardalsvöllinum var frábær upplifun fyrir hópinn og gott krydd fyrir hópinn. Þar sem áherslan var lögð á hópefli, skemmtun og léttleikandi fótbolta.

Margar stúlkur úr flokknum hafa fengið aukna ábyrgð og tækifæri til þess að spila með 2. og mfl. félagsins í sumar sem er alveg frábært. Einnig áttum við stelpur í U 17 ára landsliði stúlkna en þær Andrea Rán Hauksdóttir, Esther Rós Arnardóttir, Steinunn Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Hrefna Pétursdóttir og Petrea Björt Sævarsdóttir spiluðu allar landsleiki á

árinu og við áttum 12 stelpur úr hópnum sem voru valdar í úrtakshópa á vegum KSÍ.

Framtíðin er þeirra og vonandi eigum við eftir að sjá þær allar spila fyrir mfl. félagsins á komandi árum.

Með hópnum fylgir einstakur foreldrahópur sem styður vel við bakið á stelpunum og er einnig alltaf boðinn og búinn að veita okkur hjálparhönd við ýmis tækifæri. Þá viljum við þakka frábærum umsjónarmönnum kærlega fyrir hjálpina, Kristján, Erla, Ari og Sigurjón – þið eruð frábær.

Kveðja Kittu og Hallur



Hjá 4. flokki kvenna tímabilið 2011-2012 var mikið um að vera allt árið. Þjálfararnir Júlí og Þórður voru þess heiður aðnjótandi að halda utan um þennan stækkaði flokk blikastúlka sem bættu fjölda metið í fjórða flokki enn eitt árið.

Sumar æfingar voru styrktar af umboðsmanni Powerade á Íslandi, farið var með hópinn í skemmtigarðinn um vorið og ýmsum öðrum aðferðum var beitt til að bjóða upp á skemmtilegar æfingar. Oft var hlegið en líka tekið á því.

Fjöldamet sem verður líklegast aftur slegið á komandi tímabili var sett. Tæplega 70 stelpur æfðu reglulega hjá 4. flokki tímabilið 2011-2012. Það þýddi að fjögur ellefu manna lið voru send í allar keppnir sem flokkurinn tók þátt í nema innanhúss mótið í Futsal þar

sem eitt tíu manna lið varð Íslandsmeistari.

Frá október fram í apríl var keppt í Faxaflóamótinu þar sem Breiðablik varð meistari í A og B liðum. Í maí hófst Íslands mótið en stóra málið á þessu tímabili var að fara með flokkinn út. Fyrir utanlandsferð





ina var talið niður og eftir að komið var heim var talað um hvað gaman var að fara út sem hópur. Úrslit einstakra leikja skiptu kannski ekki öllu máli í þeirri upprifjun heldur samveran og gleðin sem var allsráðandi úti. Áður en farið var út voru sett þau skilyrði að ná 80% mætingasókn og var hún tekin á blað allt þar til ferðin var farin. Skemmst er að minnast að allar stúlkurnar náðu því takmarki og margar náðu 100% mætingu. Ferðin góða var farin á Norway Cup í Osló og

heppnaðist ferðin gríðarlega vel. Keppt var bæði í glampandi sól og miklum hita og líka í skýfalli á blautum völlum sem minntu helst á mýraboltakeppni. Árangurinn hjá öllum liðum var mjög góður á Norway Cup en þó sérstaklega hjá B-liðinu sem sigraði í keppni B liða 13 ára.

Þegar heim var komið tók Íslandsmótið aftur við. A Liðið varð Íslandsmeistari og B-liðið varð einnig Íslandsmeistari á skemmtilegan og óvæntan hátt en úrslitin í B-liða keppninni

réðust ekki fyrr en á lokamínútum Íslandsmótsins.

Eftir tímabilið fór allur hópurinn út að borða þar sem þjálfararnir voru kvaddir og tímabilinu lokað.

Hér að neðan má sjá hverjar hlutu einstaklingsverðlaun fjórða flokks að tímabilinu loknu.

Mestu framfarir:

Eldra ár:
Birgitta Sól Eggertsdóttir

Yngra ár:
Guðrún Gyða Haralz

Bliki ársins:

Eldra ár: Karen Kristinsdóttir

Yngra ár:
Bryndís Gréta Björgvinsdóttir

Besti leikmaðurinn:

Eldra ár:
Sandra Erlingsdóttir

Yngra ár:
Aglá María Albertsdóttir

*Takk fyrir okkur tímabilið
2011-2012.
Júlli og Þórður.*





Ískalt &
svalandi





5. flokkur kvenna er stærsti flokkur kvenna á Íslandi en um það bil áttatíu stúlkur á aldrinum 11-12 ára kepptu fyrir hönd Breiðabliks þetta árið.

Innanborðs er fjöldinn allur af efnilegum leikmönnum sem munu án efa setja svip sinn á knattspyrnuvelli landsins næstu árin. Stúlkurnar æfðu vel og mikið og uppskáru sem þær sáu. Þær tóku þátt í Keflavíkurmóti og móti á Stjörnuvelli fyrir jól og í futsal og Faxaflóamóti um vorið. Um sumarið var keppt á Íslandsmóti og haldið á Pæjumóti í Vestmannaeyjum, Fossvogsmóti og að sjálfsögðu á Síamóti. Skemmst er frá að segja að Breiðablik átti fulltrúa í úrslitaleik í hverri einustu keppni og stóðu stelpurnar okkar oft en ekki uppi sem sigurvegarar. Hæst ber að nefna sigur á Íslandsmóti og

Síamóti A liða, Pæjumóti og Síamóti B liða og Íslandsmóti C liða. Sólveig Jóhannesdóttir Larsen og Freyja Rún Hilmarsdóttir voru fulltrúar Blika í landsliði Pæjumóts og Melkorka Ingibjörg Pálsdóttir var valin í landslið Síamótsins. Sólveig var einnig valinn besti leikmaður Pæjumótsins 2012.

Árangur í mótum segir ákveðna sögu um styrkleika hópsins en það sem þjálfararnir eru ánægðastir með er viðhorf allra þessara ungu leikmanna til knattspyrnu og félagsins síns. Þær hafa sótt æfingar af miklum móð og tekið regluleg framfarastökk. Þær hafa jafnframt verið mjög duglegar við að styðja við bakið á öðrum flokkum, og þá sérstaklega meistaraflokki kvenna. Meðal eftirminnilegra stunda er þegar þær stóðu

heiðursvörð við brúðkaup Ernu þjálfara að eigin frumkvæði, sömdu lagið flotta „Það geta ekki allir verið Blikar“, mútuðu þjálfurunum með ís og sendu þá í Sleggjuna í Smáralind. Eftir Síamótið höfðu þær allar unnið sér inn réttinn til að senda þrumuskot í átt að afturenda allra þjálfaranna og það var óþægilegur dagur í alla staði fyrir þjálfarateymið.

Þjálfarar flokksins voru Daði Rafnsson, Erna Björk Sigurðardóttir, Steinunn Sigurjónsdóttir og Aðalbjörn Hannesson. Ísabella Eiríksdóttir, Edda Dufþaksdóttir og Higrún Lilja Ólafsdóttir komu sterkar inn um sumarið. Þess ber svo sérstaklega að geta að Andri aðstoðarþjálfari og leikmaður 2. flokks karla var klobbaður tvisvar í röð í reit á fyrstu æfingunni sinni. Fyrst af Thelmu Líf og svo strax aftur

af Herðisi. Að auki áttu stelpurnar öflugt bakland í stórum hópi foreldra og forráðamanna sem studdu við flokkinn með ráðum og dád út um allt land.

Besti leikmaður yngra ár:

Elín María Jóhannessen

Mestu framfarir yngra ár:

Eva Alexandra Kristjánsdóttir

Bliki ársins yngra ár:

Hildur Þóra Hákonardóttir

Besti leikmaður eldra ár:

Freyja Rún Hilmarsdóttir

Mestu framfarir eldra ár:

María Björg Fjölisdóttir

Bliki ársins eldra ár:

Valdis Björg Sigurbjörnsdóttir





Stelpurnar í 6. flokki kvenna stóðu sig vel á öllum vígstöðum, innan vallar sem utan leiktímabilið 2011-2012. Fjölgun var í flokknum jafnt og þétt í allan vetur. Góð mæting var á allar æfingar og áhugi, skilningur og meira vit á fótbolta hefur aukist jafnt og þétt sem skilar þessum miklu framförum sem þær hafa náð.

Stelpurnar tóku þátt í öllum mótum sem í boði voru og stóðu sig gríðarlega vel. Þær lögðu sig allar fram í öll þau verkefni sem stóðu til boða

hverju sinni en þess má geta að hver iðkandi í flokknum spilaði hátt í 60 leiki í búningi félagsins á tímabilinu og mætti á yfir 150 æfingar. Mótin sem farið var á voru: Æfingamót í Keflavík og á Akranesi fyrir áramót. Goðamótið á Akureyri í mars, Króksmót í júní, Síamót í júlí, Fossvogsmót í ágúst og svo auðvitað Hnátumót KSÍ í sumar. Mikill og góður árangur náðist í þessum mótum og stelpurnar skiluðu fullt af bikurum heim í Smárann. Aðalárangur þessa aldurshóps verður þó ekki

mældur í bikurum og verðlaunapeningum heldur frekar í auknum áhuga og framförum hvers og eins. Auk þessara móta tók flokkurinn þátt í ýmsum æfingaleikjum og héldum við til að mynda æfingamót í Fífunni þar sem leikið var með 5 í liði og heppnaðist það einstaklega vel.

Á æfingum yfir vetrartímann fylgdumst við með framgangi leikmanna með því að hafa próf sem mældu knattleikni, hraða og tækni ásamt því að hafa keppnir í að halda bolta á lofti.

Auk þess að æfa á hefð-

bundinn hátt var Ólafur Pétursson með markmannsæfingar sem er einstaklega áhugahvetjandi hjá svona ungum stúlkum. Einnig æfðu stúlkurnar stundum með strákum og þær eldri með næsta flokk fyrir ofan til að allir fengu verkefni við hæfi og nýjar áskoranir.

Vert er að minnast á umsjónarmannateymi flokksins sem stóð sig hreint út sagt frábærlega og var þjálfurum sönn stoð og styttu allt tímabilið. Þeir sáu um allt skipulag í kringum ferðir, fjáraflani, félagslegar samkomustundir og fleira í þeim dúr. Annars má nefna að foreldrar í flokknum voru til fyrirmyndar og voru ávallt til aðstoðar ef eitthvað uppá vantaði. Þeir voru einnig duglegir að mæta á æfingar og leiki og styðja stelpurnar. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og skiptir miklu máli uppá framtíð stúlkanna í íþróttinni. Með samstilltu átaki tókst að vinna frábært starf. Árangri flokksins er ekki síður þessum samstillta og frábæra foreldrahópi að þakka fyrir hversu mikinn stuðning og áhuga þau sýndu í verki.

*Þjálfarar: Hallur Ólafur
Agnarsson og Íris Björk
Eysteinsdóttir.*

Í 7. flokki eru hressar og skemmtilegar stelpur sem eru að stíga sín fyrstu skref í fótbolta. Í upphafi tímabils voru um 15 stelpur að æfa en svo fór að fjölga í hópnum þegar leið á tímabilið og í sumar voru um 50 stelpur sem mættu reglulega á æfingar. Stelpurnar æfðu þrisvar í viku yfir vetrartímann og fjórum sinnum yfir sumartímann. Margar stelpur eru þarna að stíga sín fyrstu skref í fótbolta og er gaman fyrir þjálfara og aðstandendur að fylgjast með framförum hjá þeim sem eru mjög miklar. Þarna eru efnilegar knattspyrnukonur á ferð og geta þær náð langt í knattspyrnu í framtíðinni.

Eldra árið fékk að prufa að æfa með 6. flokki og var það mjög skemmtileg áskorun fyrir stelpurnar.

Í 7. flokki leggjum við áherslu á að stelpurnar nái grunntækni í fótbolta, læri helstu reglur og að smám saman aukist leikskilningur þeirra. Einnig er mikilvægt að stelpurnar læri að vinna saman og leikgleiðin fái að njóta sín.

Stelpurnar eru duglegar að koma með nýjar hugmyndir að skemmtilegum æfingum, við höfðum búningaæfingu þar sem stelpurnar og þjálfararnir spiluðu fótbolta í hinum ýmsu búningum, bangsaæfingu og vinaæfingu. Einnig héldum við

í skemmtilega hefð frá árinu áður og héldum vöflukaffi fyrir stelpurnar sem vakti mikla lukku og svo var farið í hópferð í sund.

Við fórum á nokkur minni æfingamót þar sem fengum lið í heimsókn til okkar, kíktum í heimsókn til annarra liða. Við tókum þátt í þremur dagsmótum, Landsbankamótinu á Sauðárkróki og Síamótinu. Mótið á Sauðárkróki er algjört ævintýri fyrir stelpurnar. Þarna eru þær í útilegu með fjölskyldum sínum og vinkonum og keppa á fótboltamóti í leiðinni. Það hljómar allavega eins og draumur fyrir unga fótbolta-stelpu. Það er mikil reynsla fyrir

stelpurnar að taka þátt í þessum mótum. Markmiðið á þessum aldri er að hafa gaman og svo skemmir góður árangur ekki fyrir. Stelpurnar unnu til dæmis Landsbankamótið á Sauðárkróki í A, B og C liðum. Þjálfararnir taka eftir framförum hjá þeim með hverjum leik sem liður og er það auðvitað það sem við stefnum að sem þjálfarar. Við þökkum stelpunum og foreldrum þeirra fyrir gott og skemmtilegt fótboltaár og hlökkum til að fylgjast með þeim á vellinum áfram.

Kópal Glitra

Íslensk gæðamálning

www.malning.is

Lyktarlaus

Erlendur Eiríksson málrameistari:

„Einfaldlega besta málningin sem ég hef notað.“

Kópal Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktarlaus. Spurðu um **KÓPAL**.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

 **málning**
- það segir sig sjálf -

Myndir úr leik og starfi





VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



Heimilið
Líf- og heilsa
Bíllinn
Fyrirtækið

Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða. Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í fataskápnum?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft.
Reiknivélín á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.